

Vinsæll og veit af því

Gylfi Ægisson er lifandi goðsögn, stórgerður og glæsilegur. Gylfi ræðir um sanna íslenska sjómenn, Bakkus, konurnar og litríka ævi.

SÍÐA 20 ▶



BÓKAMARKAÐUR

FÉLAGS ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

ER OPINN KL. 10-18 Í PERLUNNI

Lýkur sunnudaginn 13. mars

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. mars 2005 – 70. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR




ASSAD HITTIR ANNAN Yfirvöld í Sýrlandi hafa lofað að láta Sameinuðu þjóðunum í té tímaáætlun um brottflutning sýrlenskra hermanna frá Líbanon. Forseti Sýrlands fundar með Kofi Annan í næstu viku. **Sjá síðu 2**

SKORTUR Á MUNNTÓBAKI Dós af munntóbaki, sem er ólöglegt og selt á svörtum markaði, hefur hækkað úr 500 krónum í 1.800. Smásali segir að lagt hafi verið hald á stóra sendingu. **Sjá síðu 2**

Í LAGI AÐ SELJA SÍMANN Sigurður C. Guðjónsson, stjórnarformaður IP-fjárskipta, telur það ekki ógna hagsmunum almennings að selja Símann í heilu lagi. **Sjá síðu 4**

SMYRILL RÉÐST Á PÁFAGAUK Smyrill gerði ítrekaðar tilraunir til að hremma páfagauk á Hornafirði en páfagaukurinn hafði verið settur í búr út í garð þar sem hann átti að njóta veðurblíðunnar. **Sjá síðu 2**

VEÐRIÐ Í DAG



SVELLKÖLD, STÍF NORÐANÁTT - EN BJART Lítilsháttar el eða snjókoma fyrir norðan en bjartviðri syðra. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



NJARÐVÍK MÆTIR ÍR Tveir leikir verða í úrslitakeppni Intersport-deildarinnar í körfubolta klukkan 19.15. Skallagrímur tekur á móti Fjölni og Njarðvík sækir ÍR heim.

Kvikmyndir	34	Myndlist	30
Tónlist	30	Íþróttir	24
Leikhús	30	Sjónvarp	36

Fjöldi lesenda

á sunnudögum*

141.000

121.000

FRÉTTABLAÐIÐ Morgunblaðið

*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.



FRÁ GRÍMSEY Hafís hefur rekið hratt að landi síðustu sólarhringa og íbúar í Grímsey ekki farið varhluta af því. Hér eru þrír íbúanna, þau Stella Gunnarsdóttir, Hafrún Elma Símonardóttir og Ólafur Björn eiginmaður hennar, að virða ísbreiðuna fyrir sér.

Hafís rekur hratt til lands

Hafís umlykur nú Grímsey að mestu leyti og ljóst að ekki verður róíð næstu daga. Sterk norðanátt hrekur hafísinn nær landi um eina sjómílu á hverri klukkustund.

HAFÍS „Ég hef búið hér alla mína ævi og man ekki eftir jafnmiklum hafís og nú er hér í kring,“ segir Hulda Signý Gylfadóttir, leiðbeinandi að Sólbrekku í Grímsey. Mikinn hafís hefur rekið að landi fyrir vestan og norðan síðustu daga og gera veðurspár ráð fyrir áframhaldandi sterkum norðanáttum næstu daga.

Hulda Signý segir hafísinn hafa nálgast með talsverðum hraða og aðeins á einni nóttu náð að umlykja eyrna.

„Á föstudagskvöldið sást ís-

brúin aðeins í fjarska en nú er eyjan svo að segja í greipum íssins. Það eru íssþangir á nokkrum stöðum og íshröngl í öllum fjörum og ég persónulega man ekki eftir þetta miklum ís hér við strendur síðustu áratugi þó að hér áður fyrr hafi slíkt gerst nokkuð reglulega.“

Að sögn skipstjóra Sæfara sem siglir meðal annars milli Dalvíkur og Grímseyjar nálgadist ísinn land um eina sjómílu á hverri klukkustund í fyrrinótt og lítið hefur dregið úr vindstyrk síðan þá.

Oddviti Grímseyjarhrepps, Óttar Þór Jóhannsson, segir íbúa hafa áhyggjur af þróun mála en heimamenn séu klárir að girða fyrir höfnina breytist vindátt. „Ég hef fylgst vel með síðustu klukkustundirnar og mér sýnist ísinn vera laus í sér og molni auðveldlega þegar nær dregur landi. Þetta er mestmegnis íshrögl umhverfis Grímsey en vissulega má sjá stærri jaka inn á milli og allur er varinn góður.“

Sjá síðu 4 - aðe

Fiskimiðin við Papey: Oddeyrin varð aflvana

SLYS Nótaskipið Oddeyri EA-210 varð aflvana átta sjómílar suðaustur af Papey um þrjúleytið í gær.

Um kvöldmatarleytið var varðskip á leiðinni í átt að skipinu, en ekki var lýst yfir neyðarástandi. Varðskipið hélt þó beint á svæðið til vonar og vara. Frystitogarinn M/S Brettingur var í nánd við Oddeyrina þegar hún varð aflvana og hélt þegar í átt til hennar. Taug var komið milli skipanna. Í gærkvöld var búist við að Brettingur kæmi með Oddeyrina í togi til hafnar í Fáskrúðsfirði seinna um kvöldið. Á svæðinu var bjart og vindur mældist 15 metrar á sekúndu.

- ej

Bónus og Krónan: Verðstríð í rénun

NEYTENDUR „Verðstríðinu er aldrei lokið þó svo að þessi tilboð sem hafa verið að undanförunu séu liðin undir lok í bili,“ segir Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss.



GUÐMUNDUR MARTEINSSON Framkvæmdastjóri Bónuss.

Engar vörur fengust gefnar eða voru á krónutilboði í verslunum Bónuss eða Krónunnar í gær eins og verið hefur undanfarið. Guðmundur segir að eitthvað verði undan að láta og ekki gangi til eilífðar-nóns að bjóða slík tilboð.

„Engu að síður er verðstríðinu alls ekki lokið og ekkert hægt að segja til um hvað framtíðin ber í skauti sér. Samkeppnin er hörð á þessum markaði og áfram verða góð tilboð á boðstólnum En krónutilboðunum er lokið í þetta sinn.“

- aðe



Í minningu Gerðu Ægir Örn Sigurgeirsson missti barnsmóður sína og unnustu þegar hún gafst upp fyrir átröskunarsjúkdómi.

◀ SÍÐUR 18 og 19

Lífsexilíxir og náttúrulyf

Sigmundur Guðbjarnason prófessor vill með aðferðum vísindanna greina og virkja gagnsemi lækningajurta.

SÍÐA 16 ▶



uppgrip fyrir þig

Morgunmatur

Samloka & gos 380 kr.

olis



SPURNING DAGSINS

Ingvi Hrafn. er þinn tími þá liðinn?

Minn tími er nýkominn og rétt að byrja.

Ingvi Hrafn Jónsson sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardag að tími stóru fréttabúanna væri að liða undir lok og nefndi þar til erlenda kollega sína eins og Rafter, Jennings og Brokaw.

Munntóbaksskortur á höfuðborgarsvæðinu: Dósin hefur þrefaldast í verði

TÓBAK Munntóbaksskortur er á höfuðborgarsvæðinu. Munntóbak er ólöglegt samkvæmt lögum en þrátt fyrir það er mikið verslað með þessa vöru á svarta markaðnum.

Munntóbaksmarkaðurinn er á ýmsan hátt líkur fíkniefnamarkaðnum. Heildsalar flytja inn munntóbak í stórum stíl og selja það síðan til smásala. Smásali sem Fréttablaðið ræddi við sagði að miðað við það hvernig markaðurinn væri núna væri alveg ljóst að löggæsluyfirvöld hefðu lagt hald á stóra sendingu af munntóbaki. Venjulega væri ein dós af munntóbaki seld á 500 til 600 krónur en nú væri verð-

íð komið upp í allt að 1.800 krónur fyrir dósin. Svo virðist sem munntóbaksskorturinn teygji anga sína út fyrir höfuðborgarsvæðið því Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að dósin sé nú seld á allt að þúsund krónur á Akureyri.

Lögreglan í Reykjavík kann aðist ekki við málið. Hún sagðist þó nokkuð oft fá ábendingar um munntóbakssala og hafa handtekið nokkra slíka. Snorri Olsen,

tollstjóri í Reykjavík, sagðist ekki vita til þess að embættið hefði lagt hald á sendingu. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli vildi ekkert tjá sig um málið.

Þeir sem eru teknir með munntóbak eru sektaðir um sjö krónur á hvert gramm eða um 350 krónur fyrir hverja dós.



SÆNSKT TÓBAK Mest er flutt inn af munntóbaki frá Svíþjóð. Hið sænska General munntóbak er algengast.

Ofsaakstur á Selfossi: Ók á 150 km hraða

OFFSAKSTUR Lögreglan á Selfossi þurfti aðfaranótt laugardags að hafa afskipti af öikumanni sem ók á 137 kílómetra hraða við brúna vestast í bænum. Þar er hámarkshraði 50 kílómetrar.

Þegar lögreglan hugðist stöðva öikumanninn gaf hann enn betur í og var stöðvaður á 150 kílómetra hraða nokkru síðar. Ökumaðurinn reyndist 18 ára gamall utanbæjarnesmaður en ekki var um ölvunarakstur að ræða. Drengurinn verður sviptur öku-leyfi. - ej



ÁFRAM KERGA

Vonir standa til að fundað verði með útvarpsstjóra á mánudagsmorgun.

Félag fréttamanna: Fundur með Markúsi

RÍKISÚTVARPIÐ „Það er sama pattaða í málinu og verið hefur að öðru leyti en því að við munum eiga fund með Markúsi Erni á mánudagsmorgun,“ segir Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna á Ríkisútvarpinu.

Enn er kergja í starfsfólki þar vegna ráðningar Auðuns Georgs Ólafssonar í stöðu fréttastjóra Ríkisútvarpsins. Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri hefur ekki fundað með fólki eins og ráðgert var en Jón Gunnar segist fullviss að það geri hann á mánudaginn.

„Honum er ekki stætt á öðru en að svara okkur og því fyrr því betra en á meðan stöndum við föst fyrir í okkar afstöðu og teljum að endurskoða þurfi ráðningu Auðuns.“ -aðe

LÖGREGLUFRETTIR

STÖKK AF SVÖLUM Ung kona stökk ofan af svölum á þriðju hæð á Ísafirði aðfaranótt laugardags. Konan hafnaði á svölum fyrir neðan og slasaðist ekki illa.

LOTTÓ

GEKK EKKI ÚT Enginn var með allar fimm tölur réttar í Lottóinu í gærkvöld og bætast því rúmar ellefu milljónir króna við fyrsta vinning í næstu viku. Tölurnar að þessu sinni voru 5, 19, 20, 34, 35 og bónustalan var 2.

Assad lofar að draga herinn burt

Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, fer á fund Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, í næstu viku. Hann ætlar að láta Annan fá tímaáætlun um brottflutning her- og leyniþjónustumanna frá Líbanon.

DAMASKUS, AP Yfirvöld í Sýrlandi hafa lofað að láta Sameinuðu þjóðunum í té tímaáætlun um brottflutning sýrlenskra hermanna frá Líbanon í næstu viku. Terje Roed-Larsen, sendiboði Sameinuðu þjóðanna, lýsti þessu yfir eftir fund með Bashar al-Assad, forseta Sýrlands, í sýrlensku borginni Aleppo í gær.

Roed-Larsen sagði að á fundinum hefði Assad sagst ætla að draga allt herlið og leyniþjónustuna frá Líbanon. Samkvæmt því ætla sýrlensk yfirvöld að virða ályktun Sameinuðu þjóðanna númer 1559 sem samþykkt var í september síðastliðnum og kveður á um brottflutning hersins frá Líbanon. Roed-Larsen sagði að Assad myndi kynna tímaáætlunina fyrir Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, á fundi í New York í næstu viku.

„Fundurinn með Assad var mjög góður og ég er mjög vongóður eftir að forsetinn fullvissaði mig um að Sýrlendingar hygðust virða ályktun 1559,“ sagði Roed-Larsen.

Sýrlendingar hafa verið með herlið í Líbanon síðan árið 1976 þegar borgarastyrjöld geisaði í landinu. Um fjórtán þúsund sýrlenskir hermenn eru í Líbanon núna og í fyrrakvöld fór hluti af um sex þúsund manna herliði, sem er í norðurhluta landsins, aftur til Sýrlands.

Sýrlendingar hafa orðið fyrir auknum þrýstingi frá Vestur-



Á LEIÐINI HEIM

Sýrlenskir hermenn sem hafa verið kallaðir heim til Sýrlands frá Líbanon halda á mynd af Assad, forseta Sýrlands.

löndum, sem og arabalöndunum, eftir að Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, var myrtur í síðasta mánuði. Stjórnarandstaðan í Líbanon sagði Sýrlendinga standa á bak við morðið.

Sýrlenskir ráðamenn funduðu með líbönskum ráðamönnum 5. mars. Eftir fundinn tilkynnti Assad að herliðið yrði

flutt á brott í tveimur áföngum. Roed-Larsen sagði að í fyrri áfanganum yrðu her- og leyniþjónustumenn fluttir í Bekaa-dalinn í Líbanon fyrir lok þessa mánaðar. Í seinni áfanganum yrði allt herliðið flutt á brott, starfsmenn hersins og leyniþjónustunnar og allt sem þeim fylgir. ■

Þyrla Landhelgisgæslunnar:

Sótti slasaðan vélsleðamann

VÉLSLEÐASLYS Þyrla landhelgisgæslunnar sótti í gærdeg slasaðan vélsleðamann í Strútslaug, en sleði mannsins hafði fallið niður bratta. Samkvæmt upplýsingum vakthafandi lækni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er maðurinn ekki í lífshættu en brotinna ekk í

ljúfingurinn til Reykjavíkur. - ej

Atlanta:

Morðinginn handtekinn

BANDARÍKIN, AP Lögreglu í Atlanta í Bandaríkjunum tókst seinni partinn

í gær að hafa hendur í hári mannsins sem skaut þrjá til bana í réttarsal í fyrradag.

Verið var að rétta yfir viðkomandi þegar hann greip byssu réttarvarðar og drap dómarrann, dómsritara og einn til áður en hann flýði á brott. Eftir einhverja mestu leit sem gerð hefur verið í fylkinu náðist maðurinn í úthverfi borgarinnar og hafði hann tekið konu sem gísl. Tókst þó að handtaka manninn án þess að henni væri mein gert. ■



Í HALDI

LÖGREGLU Lögreglan náði manninum við íbúðarhús í Atlanta.

FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettkerfi



Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettkerfi er komin út.

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettið og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

Kynningarverð: 8.800 kr.



ORÐABÓKAÚTGÁFAN

Fuglalíf á Hornafirði:

Smyrill réðst á páfagauk

DÝRALÍF Smyrill gerði ítrekaðar tilraunir til að hremma páfagauk á Hornafirði en páfagaukurinn hafði verið settur í búur út í garð þar sem hann átti að njóta veðurblíðunnar.

Börn voru vitni að árásum smyrilsins og héldu í fyrstu að um uglu væri að ræða. Eigandi páfagauksins, Heimir Karlsson, segir að páfagaukurinn hafi brugðist skelkaður við í fyrstu en vaxið sjálfstraust þegar smyrillinn náði ekki til hans.

„Smyrillinn steypiti sér með látum á búrið og hamaðist á því en án árangurs. Viðureignin stóð í þrjá tíma og áður en henni lauk reyndi páfagaukurinn að slá til smyrilsins,“ segir Heimir.

Björn G. Arnarson, fuglaáhugamaður á Höfn, og Heimir náðu í sameiningu að fanga smyrilinn í háf og reyndist hann





BRÁÐIN LOKUÐ Í BÚRI

Smyrillinn var horaður og illa haldinn en leit ekki við hráum hamburgurum sem honum voru boðnir.


illa haldinn og að öllum líkindum veikur. Björn tók fuglinn og

reyndi að hressa hann við en hann dó eftir rúman sólarhring. -kk



Ánægðustu viðskiptavinirnir!

FILEN/SIA FILE2338



Sjötta árið í röð viljum við þakka viðskiptavinum okkar trausti! Samkvæmt mælingum á ánægju viðskiptavina eru viðskiptavinir **Sparsisjóðsins** þeir ánægðustu í öllu bankakerfinu*. Persónuleg þjónusta er okkar aðalsmerki og stuðlar að ánægjulegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini.


SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Sexfaldur sigurvegari | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár

*Að íslensku ánægjuvuginni standa; Samtök iðnaðarins, Stjórnvísni og Gallup.

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 11.03.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	59,19	59,47
	Sterlingspund GBP	113,59	114,15
	Evra EUR	79,35	79,79
	Dönsk króna DKK	10,66	10,72
	Norsk króna NOK	9,71	9,77
	Sænsk króna SEK	8,76	8,81
	Japanskt jen JPY	0,57	0,57
	SDR XDR	91,03	91,57

Gengisvísitala krónunnar
108,29 +0,46%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Ógnar ekki hagsmunum almennings

Sala Símans í heilu lagi:

SALA SÍMANS Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarformaður IP-fjarskipta og fyrrverandi forstjóri Norðurljósa, telur það ekki ógna hagsmunum almennings að selja Símann í heilu lagi.

Þetta kom fram á morgunverðarfundum sem samtökin Konur í stjórn mála stóð fyrir þar sem rædd var spurningin: Ógnar sala grunnnetsins hagsmunum almennings? Frummælendur ásamt Sigurði voru þeir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar og Guðmundur Þóróddsson, forstjóri Orkuveitunnar.

Hrafnkell sagði í raun vanta skilgreiningu á hugtakinu grunn-



neti og að umræðan hafi ekki verið nógu upplýst. Hann sagði hagsmunum almennings vera í mjög góðum málum nú og þótti ólíklegt að það myndi breytast við sölu Símans. Þá taldi hann að samkeppni myndi heldur aukast en annað.

Jón Bjarnason þingmaður sem hlýddi á erindin lýsti Hrafnkeli sem trúboða í þessu máli og sagðist ekki skilja hvers vegna verið væri að selja Símann sem skili milljörum króna á ríkissjóð á hverju ári.

- sgi

SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort selja eigi Símann með eða án grunnnetsins.

Siglingaleiðir varasamar fyrir norðan

Áratugir eru síðan jafnmikill hafis hefur verið nálægt landinu og fer hann hratt yfir. Óttast er að siglingaleiðir fyrir Vestfjörðum, norður fyrir landi og jafnvel á Austfjörðum geti lokast haldi fram sem horfir.

HAFIS „Öll siglingaleiðin frá Ísafjörðardjúpi að Bakkaflóa í austri er varasöm vegna hafiss og miklar líkur á að bæti í næstu dagana,“ segir Þór Jakobsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Farið var ískönnunarflug síðdegis í gær og er ís fyrir mestaltri norðurströnd landsins þó í mismiklum mæli sé. Áfram er gert ráð fyrir stífum norðanáttum næstu daga og ísbreiður gætu leitað austur fyrir land.

Tæplega 30 ár eru síðan hafis lagðist síðast að Norðurlandi með þeim hætti að alvarlegar truflanir urðu á siglingum og er veruleg hætt á að slíkt endurtaki sig nú meðan norðanátt ríkir en spár gera allar ráð fyrir slíku áfram. Þór segir fulla ástæðu til varkárni og segir ísinn fara hratt yfir.

„Það getur komið til þess á stuttum tíma séu aðstæður réttar að hann fari alla leið að landi. Engu skiptir þá hvort um lítinn ís er að ræða eða stærri jaka, allt getur valdið tjóni á bátum og skipum.“

„Við höfum ekki áhyggjur af þessu eins og sakir standa en það verður ekkert siglt á mánudag ef fram heldur sem horfir,“ segir Sigurjón Herbertsson, skipstjóri á Sæfara, en hann siglir reglulega milli Dalvíkur og Grímseyjar með farþega og vistir. Sæfari er ekki í ferðum yfir helgina en Sigurjón fór á föstudagskvöld eina ferð með vararafstöð og rammgerðan vír sem nota á til að strengja yfir höfnina til að verja báta heimamanna sem eru auðveld bráð kom-



GRÍMSEY UMLUKIN ÍS

Talsverður ís hafði borist á fjörur Grímseyjar um miðjan dag í gær og var eyjan að heita innlyksa orðin í gærkvöld. Ekki var þó búið að girða fyrir höfnina þegar Fréttablaðið fór í prentun en til stóð að gera það ef vindátt snerist. Þrír af íbúum Grímseyjar, Stella Gunnarsdóttir og hjónin Hafurún Elma og Ólafur Björn, fóru gönguferð um fjörurnar síðdegis í gær.

ist ísinn í gegn. Í gærkvöld voru heimamenn í viðbragðsstöðu en höfðu þó ekki lokað höfninni þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Þrír dagar eru síðan vart varð nokkurra jaka úti fyrir Melrakkaslétta ásamt íshróngli við strendur en að sögn lögreglu á Raufarhöfn sem reglulega fer eftirlitsferðir meðfram ströndinni hefur

ísinn ekki aukist þar enn sem komið er. Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands eru aðstæður með þeim hætti að hafis gæti leitað suður landið meðfram Austfjörðum og fyrir utan þann usla sem slíkt ylli á samgöngum og siglingum eru fiskeldiskvíar í hættu en þær eru fjölmargar á þessum slóðum.

albert@frettabladid.is



EITURLYFJABARÓN

Hinn 61 árs gamli Miguel Rodriguez Orejuela var framseldur til Bandaríkjanna og á ekki afturkæmt til Kólumbíu.

Kólumbískur eiturfjáhringur: Höfuðpaur framseldur

KÓLUMBÍA. Miguel Rodriguez Orejuela, höfuðpaur stærsta eiturfjáhringur í heimi, hefur verið framseldur frá Kólumbíu til Bandaríkjanna, þar sem bíður hans að minnsta kosti 20 ára fangelsisvist fyrir dreifingunni fíkniefna og peningabætti. Orejuela mun aldrei líta heimaland sitt augum aftur. Eiturfjáhringurinn hefur reynt allt til að áfrýja úrskurðinum, en var í gær afhentur fulltrúum bandarísku fíkniefnalögreglunnar sem flytur hann til Bandaríkjanna.

Eiturfjáhringur Orejuela og bróður hans Gilberto hefur nú verið upprættur að fullu. Gilberto var framseldur til Bandaríkjanna í fyrra. Þeir bræður höfðu byggt upp milljarðaveldi og smyglað hundruðum tonna af kókaini til Bandaríkjanna.

LÖGREGLUFRETTIR

ÓHÖPP Á VÉLSLEÐAMÓTI Á vélsleðamóti sem var haldið í Mývatnssveit um helgina urðu tvö óhöpp með stuttu millibili í gær, en hvorugt alvarlegt að sögn lögreglu á Húsavík. Einn maður var þó fluttur til frekari skoðunar á sjúkrahúsið á Akureyri.



HÁTÍÐ Í SKAFTAHLÍÐ

Börn úr Ísakskóla sungu. Boðið var upp á barnaafmælisöku, djús og blöðrudýr frá dýpstu frumskógum Afríku.

Afmæli UNICEF á Íslandi:

Barnasáttmáli kynntur

TÍMAMÓT Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (UNICEF) hélt upp á árs afmæli sitt í gær.

Afmælisveislan var haldin á skrifstofu UNICEF á Íslandi við Skaftahlíð 24 í Reykjavík. Í tilefni tímamótanna var nýr bæklingur um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kynntur. Bæklingnum verður dreift til allra 6. og 7. bekkinga á landinu á næstu dögum. Bæklingurinn er gerður að norskri fyrirmynd og er ætlað að fræða börn og ungmenni um réttindi sín og skyldur.

- th

LÖGREGLUFRETTIR

SKULLU SAMAN Í BLÁFJÖLLUM Tveir unglingspiltar slösudust í Bláfjöllum í gær þegar þeir skulu saman í fjallinu. Tveir sjúkrabílar voru sendir á staðinn. Yfirlýst er að piltarnir hefðu orðið fyrir hryggmeiðslum. Þyrla Landhelgisgæslunnar var sett í viðbragðsstöðu en ákveðið var að aka með piltana á slysa-deild þar sem hugað var að meiðslum þeirra.

apollo

Iceland Express

Ný vidd í sólarlandaferðum á verði sem kemur á óvart!

Grikkland Túnis Malta Kanaríeyjar Mallorca Króatía Búlgaría
Rúmenía Egyptaland Tailand Ítalía

Veróðæmi: **Tyrkland**
Vika í Alanya, Tyrklandi 7.-15. maí:

56.995 kr.
á mann í tvíþíli með öllum sköttum

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.kuoni.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00


LANGferðir

Veðrið

Norðan garr! Hann blæs af norðri áfram, en heldur hressilegar. Það má búast við strekkingi víða í dag, jafnvel hvassvíri allra austast og á hálendinu. Þá verður bjart áfram syðra en lítilsháttar el eða snjócoma á Norður- og Austurlandi. Fimbulkuldi er rétta orðið, því á stöku stað gæti frostið farið langt niður fyrir 10 stig. Morgundagurinn er svipaður en þó dregur úr vindi þegar liður á daginn. Á þriðjudaginn verður að líkindum hægt að breytileg átt og hugsanlega nokkuð bjart.

Kveðja, Guðriður, Arnaróttill nátturfræðingur.

Í dag




Veðrið úti í heimi í dag


Kaupmannahöfn	0°C sk.m.köflum	Budapest	7°C sk.m.köflum	St.Pétursborg	-5°C skýjað
Oslo	-4°C léttskýjað	Split	9°C sk.m.köflum	Berlín	3°C skýjað
Stokkhólmur	-4°C skýjað	Feneýjar	8°C sk.m.köflum	Vínarborg	3°C léttskýjað
Helsinki	-8°C skýjað	Napólí	15°C léttskýjað	Prag	2°C skýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Þriðjudagur



Hægt breytileg átt og austan vindstrengur með suðurströndinni.

„Þökkum kærlega fyrir okkur“

-2
krónur
um land allt

Í dag lækkum við bensínverðið um 2 kr. um land allt.



Það er ljóst að markviss uppbygging og áhersla Olís á góða þjónustu er að skila sér. Olís mældist í efsta sæti meðal smásöluverslana í hinni Íslensku ánægjuvög IMG Gallup. Ánægjuvogin mælir ánægju almennings á þjónustu stærstu fyrirtækja landsins og eru það Stjórnvísí, Samtök iðnaðarins og IMG Gallup sem standa að mælingunni. Af þessu tilefni viljum við bjóða landsmönnum öllum upp á ódýrara bensín.

Við þökkum viðskiptavinum okkar þessa viðurkenningu – hún er okkur mikil hvatning.

ÍSLENSKA
ÁNÆGJU **VOGIN**

olís

ÞÚ FINNUR MUNINN



KJÖRKASSINN

Er söknuður að Kasparov úr skákinni?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	54%
Nei	46%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgistu með rektorskosningum Háskóla Íslands?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Landeigendur hvattir til að blekkja kaupendur:

Lífshættulegt lóðabrask

SMITSJÚKDÓMAR Dæmi eru um að fasteignasalar ráðleggi landeigendum að þegja yfir dýraleifum sem dysjaðar eru á landi þeirra og taldar bera miltisbrand en að öðrum kosti kunni jarðirnar að falla í verði. Berist miltisbrandur í fólk getur hann leitt til dauða en um 10 slík tilfelli eru þekkt á Íslandi.

Sigurður Sigurðarson, dýralæknir að Keldum, segir dæmi þess að fasteignasalar hafi ráðlagt fólk á ýmsum stöðum á landinu að segja ekki frá urðunarstöðum sem geyma sýktar dýraleifar. „Ég vil ekki segja hvaða fasteignasalar þetta eru en með því að upplýsa þetta vænti ég þess að þeir sjái að

sér enda er hægt að varast smit af völdum miltisbrands ef menn þekkja urðunarstaðina. Á Austurlandi er vítað um tæplega 30 urðunarstaði en þeir eru einnig margir á höfuðborgarsvæðinu og vestur í Dölum,“ segir Sigurður.

Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala, segist ekki þekkja dæmi þess að fasteignasalar hafi vísitandi með þessum hætti reynt að blekkja kaupendur.

„Ef rétt reynist þá er ljóst að umræddir fasteignasalar eru ekki að fara að lögum hvað varðar upplýsingalöggjöf til kaupenda,“ segir Björn Þorri.



MILTISBRANDUR Á VATNLEYSUSTRÖND Í FYRRA

Vítað er að miltisbrandur hefur lifað í hræjum í jörð á Íslandi í 130 ár en sykillinn lifir hins vegar ekki lengi eftir að hræin hafa verið grafin upp.

Blóðstrimlar í opinn reikning

Talsmenn tveggja fyrirtækja sem flytja inn blóðstrimla til blóðsykursmælinga segja þau ekki hafa gefið fólk slíka strimla í stórum stíl til að fá endurgreidd hjá Tryggingastofnun. Þriðja innflutningsfyrirtækið neitar að svara.

TRYGGINGASTOFNUN Tvö af þremur fyrirtækjum sem flytja inn blóðsykursmæla, blóðstrimla og hnifa fyrir sykursjúka, segja viðskipti sín mjög svipuð milli ára 2003 og 2004. Um er að ræða fyrirtækin Vistor og Lyru. Þriðja fyrirtækið sem flytur inn þessi hjálpartæki er Logaland.

Kostnaður Tryggingastofnunar vegna ofangreindra hjálpartækja, einkum þó blóðstrimla, jókst um allt að 50 milljónir á árinu 2004, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu. Kristján Guðjónsson, framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun, kvaðst vita hvaða innflutningsfyrirtæki ætti hlut að máli varðandi þessa kostnaðaraukningu. Hann kvaðst ekki vilja gefa uppi nafn þess, þar sem um viðskiptahagsmuni væri að ræða.

Eins og greint var frá greip heilbrigðisráðuneytið til þess ráðs að breyta reglugerð varðandi blóðstrimla og önnur hjálpartæki



KRISTJÁN GUÐJÓNSSON

Sykursjúkir verða nú að greiða 15 prósentum meira en áður fyrir hjálpartæki eftir að reglugerð var breytt til að koma í veg fyrir ofnotkun blóðstrimla, að sögn Kristjáns Guðjónssonar framkvæmdastjóra hjá TR.



HÖSKULDUR HÖSKULDSSON

Framkvæmdastjóri Lyru spyr hvert viðbót-arblóðstrimlar fyrir milljónatugi hafi farið en endurgreiðslukostnaður TR vegna þeirra nam um 50 milljónum 2004.

af þeim toga til að sporna við áframhaldandi ofnotkun eins og Kristján orðaði það. Um leið var endurgreiðsluupphæðin til sjúklinga lækkuð um fimmtán prósent.

„Umsetningin hjá Lyru minnkadi ekkert á árinu 2004,“ sagði Höskuldur Höskuldsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Berghildur Magnúsdóttir, lífeindafræðingur og sölufulltrúi hjá Vistor, tók í sama streng og Höskuldur og sagði engan samdrátt í sölu hjá sínu fyrirtæki milli ára. Þau kváðust bæði velja fyrir sér spurningunni um hver hefði flutt inn allan þann viðbótarfjölda blóðstrimla sem hefði hleypt endurgreiðslukostnaði Tryggingastofnunar upp um 50 milljónir króna á tíu mánaða tímabili 2004, en stofnunin endurgreiðir 80 til 90 prósent af heildarkostnaði við strimlana.

„Ég spyr mig hvert allir þessir blóðstrimlar hafi farið, því úr því

að þessi tvö fyrirtæki halda sínu þá hlýtur að vera um hreina viðbót að ræða,“ sagði Höskuldur. „Áður en reglugerðinni var breytt var kerfið þannig að það var nánast opin reikningur á Tryggingastofnun hvað þessar endurgreiðslur varðaði.“

Aðspurð fullyrtu Höskuldur og Berglind að Lyra og Vistor hefðu hvorki gefið fólk mæla né blóðstrimla. Á spjallvef Samtaka sykursjúkra er hins vegar varpað fram spurningu frá manni sem spyr hvornig standi á því að ekkert hafi komið frá samtökunum um að „Logaland gefi blóðsykursmæla og kostnaður við strimla og blóðhnífa er enginn fyrir sjúklinga hjá þeim“.

Ingibergur Erlingsson, framkvæmdastjóri Logalands, kvaðst ekki vilja svara spurningum Fréttablaðsins um þetta mál.

jss@frettabladid.is

Mannréttindanefnd SP:

Íslandsskýrsla rædd

MANNRÉTTINDI Ný skýrsla íslenskra stjórnvalda um mannréttindamál hér á landi verður tekin til umræðu í Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna næstkomandi miðvikudag.

Í fréttatilkynningu frá nefndinni segir að fjórða skýrsla ríkisstjórnar Íslands um framkvæmd Alþjóðasáttmálans um borgara- og stjórnmálaleg réttindi verði tekin til gagnrýninnar skoðunar

þennan dag á 38. allsherjarfundum nefndarinnar, en hann hefst í New York á mánudaginn og stendur yfir fram til 1. apríl.

Alls eru 154 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna aðilar að umræddum alþjóðasáttmála sem er grundvallarsáttmáli Mannréttindanefndarinnar, saminn árið 1966. Síðasta skýrsla um framkvæmd sáttmálans á Íslandi var lögð fram árið 1998. ■

Segðu mér allt
eftir Kristínu Ómarsdóttur

LEIKHÚSTILBOÐ!

– í tilefni af samstarfi ESSO og Borgarleikhússins

Miðaverð til Safnkortshafa á leikritið „Segðu mér allt“ er aðeins

700 kr.
auk 1.500 punkta*

BORGARLEIKHÚSIÐ

Safnkort
Punktaðu það hjá þér!

www.utilif.is

Flott hugmynd að fermingargjöf

High Peak Norfolk
Mesta kuldapól -15C°

Fermingartilboð
5.990 kr.
Verð áður 7.990 kr.

ÚTILÍF

Smáralind
Sími 545 1550
Glæsibæ
Sími 545 1500
Kringlunni
Sími 575 5100

Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum Ný Hyundai Sonata

Stílhrein hönnun
Mesta rýmið
Þægindi



Með bílinn handa þér



HYUNDAI
hefur gæðin

» Hyundai Sonata 2.4 DOCH

2400cc, 161 hö, sjálfskiptur.
Þú eignast hann fyrir kr. 2.290.000.
Bílasamningur kr. 23.980 á mánuði.*

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Það er tímabært að skoða tekjutengingu barnameðlaga svo þeir sem ekki ráða við lágmarksmeðlag geti rétt sína stöðu en líka tryggja að þeir sem hafa rúm fjárráð taki örugglega meiri þátt í kostnaði við umönnun og uppeldi barna sinna en lögin segja nú til um.

Að taka ábyrgð

Það voru sorglegar fréttir sem bárust frá Félagi ábyrgra feðra í vikunni. Einn af hverjum þremur meðlagsgreiðendum á Íslandi er í vanskilum, eða um fjögur þúsund manns af alls tólf þúsund meðlagsgreiðendum. Í upplýsingum frá félaginu kemur fram að fjöldi skilnaðarbarna hér á landi er um tuttugu og eitt þúsund. Má því gera ráð fyrir að ekki sé greitt meðlag með um sjö þúsund íslenskum börnum.

Framfærslubyrði þessara barna hverfur þó að sjálfsgöðu ekki heldur færast yfir á samfélagið og hið opinbera stendur skil á meðlaginu til þess foreldris sem býr barninu heimili. Það er svo í höndum ríkisskattstjóra að innheimta skuld meðlagsgreiðandans og mun það ganga misbrösuglega.

„Ef eitthvað er þá er lágmarksmeðlag of lágt á Íslandi. Eins og staðan er núna getur það í raun verið ódýrara að eiga barn sem maður býr ekki með heldur en að búa því heimili.“

Talsmenn Félags ábyrgra feðra vilja að stjórnvöld kanni ástæður vanskilanna og geri tillögur að úrbótum fyrir þessa skuldseigu einstaklinga. Ein ástæðan sem þeir nefna að baki vandamálinu er að lágmarksmeðlag er hærra á Íslandi en í nágrannalöndunum. Hver skyldi sú upphæð vera? Jú, 16.586 krónur á mánuði eða nánast það sama og heilsdagvistun í leikskólum Reykjavíkur kostar. Og nú er spurt, getur þessi upphæð mögulega verið lægri? Hvað um þann kostnað sem sá er heldur barninu heimili á þá eftir að greiða fyrir húsnæði, mat, fatnað og tólmundir barnsins?

Ef eitthvað er þá er lágmarksmeðlag of lágt á Íslandi. Skilað samfélagsins til þeirra sem geta ekki alið upp börn sín saman eru mjög undarleg því hvernig þjóðfélag er það sem blessar að faðir/móðir geti greitt 16.586 króna meðlag á mánuði með barni sínu og sé þar með laus allra mála um fjárhagslega afkomu þess, ef viðkomandi er þannig innréttadur? Eins og staðan er núna getur það í raun verið ódýrara að eiga barn sem maður býr ekki með heldur en að búa því heimili.

Sem betur fer eru þeir mun fleiri sem leggja meira með börnum sínum en lágmarksmeðlagið kveður á um en hátt hlutfall meðlagsgreiðenda sem er í vanskilum segir okkur hins vegar að núverandi kerfi sé gallað. Félag ábyrgra feðra hefur lagt fram hugmyndir um tekjutengingu meðlaga sem er tímabært að skoða.

Með tekjutengingu gætu þeir sem ekki ráða við lágmarksmeðlag rétt sína stöðu, ekki má ætla neinum manni að vilja ekki taka fjárhagslega ábyrgð á börnum sínum, en líka tryggja að þeir sem hafi rúm fjárráð taki örugglega meiri þátt í kostnaði við umönnun og uppeldi barna sinna en lög segja nú til um. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Fastur milli hæða</p> <p>Fjölmiðlar hafa reynt ítrekað að fá útvarpsstjóra, Markús Örn Antonsson, til þess að tjá sig um stöðuna í Ríkisútvarpinu. Starfsmenn útvarpsins hafa lýst vantrausti á útvarpsstjóra og eðlilegt að almenningur hafi áhuga á að vita hvernig hann kunni því að leiða hóp starfsmanna sem ekki treystir faglegri leiðsögn hans. Fréttastofa Stöðvar 2 hefur komist næst því að fá svör frá Markúsi þegar fréttakona stöðvarinnar spurði hann með litlum árangri út í framhaldið. Markús hugðist smeygja sér inn í lyftu, en ekki vildi betur til en svo að óratími leið áður en lyftan kom. Flóttaleiðin var því ekki</p>	<p>fjóttekin í það skiptið. Síðan hefur eiginlega ekkert til Markúsar spurst og hann ekki svarað spurningum fjölmiðla. Ekki einu sinni vinnufélagar hans í Efstaleitinu hafa náð að krefja hann svara. Í ljósi þessara hægvirku lyfta má velja því fyrir sér hvort Markús kunni að vera fastur á milli hæða.</p> <p>Heppilegir og harmonískir eigendur</p> <p>Það er ekki á hverjum degi sem ritstjórnir hafa þurft að fjalla um sig og sitt eigið fyrirtæki. Fréttastofa útvarpsins hefur gert það með sóma undanfarna daga þar sem greint hefur verið frá deilum í kringum ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar í starf fréttastjóra. Pólitískar og aðrir</p>
	<p>hafa verið spurðir og svörum þeirra gerð skil í fréttatímum. Morgunblaðið komst líka í fréttirnar vegna deilna um sölu 16 prósentu hlutar í útgáfufélaginu Arvakri. Sagan um togstreituna í hluthafahópnum var börnuð víða um bæ og var komin í stóra samsæriskenningu um fæðingu nýs fjölmiðlarisa. Þær kenningar hafa ekki fengist staðfestar, en fyrir liggur að kergja var á milli Engeyjarættarinnar og H. Ben. fjölskyldunnar vegna málsins. Mogginn lét hins vegar eins og ekkert væri að gerast og flutti litla frétt um málið undir fyrirsögninni: „Aðrir hluthafar hafa forkaupsrétt.“ Hvergi var minnst á togstreituna vegna kauptilboðsins, enda Morgunblaðið „heppið með eigendur“, eins og ritstjórnin komst að orði í umræðum þegar eignarhald fjölmiðla var í umræðunni.</p> <p>hafliði@frettabladid.is</p>

Pólitísk örkuml

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Við lifum í samfélagi þar sem flokkar hafa sitt fram. Við höfum þróað með okkur þjóðfélagskerfi þar sem flokkum er frjálst að kasta eign sinni á embætti og stofnanir. Við höfum skapað kjöraðstæður fyrir karlmannlega vaxna flokka sem raða flokksgæðingum sínum á básana, burtséð frá reynslu og hæfileikum.



Í nýliðinni viku hefur um fátt annað verið rætt en þessi pólitísku beitarlönd. Stöku raddir hafa titrað. Og harmkvæli heyrast. Svo mun vera í nokkra daga í viðbót. Svo róast sveitin. Væntanlega.

Við lifum í samfélagi þar sem flokkar hafa sitt fram. Við höfum þróað með okkur þjóðfélagskerfi þar sem flokkum er frjálst að kasta eign sinni á embætti og stofnanir. Við höfum skapað kjöraðstæður fyrir karlmannlega vaxna flokka sem raða flokksgæðingum sínum á básana, burtséð frá reynslu og hæfileikum. Þetta á við um vinstri menn og hægri menn og þetta á við um miðju-

menn. Og þegar kratar hafa sé svona, reiðast hægri menn. Og þegar íhaldið lætur svona, kvarta vinstri menn. Og þess á milli meðast miðjumenn, sveittir á snoppunni. Eina breytan er sumsé sú hver hefur völdin. Og hver ekki.

Stundum er sagt að flokkspólitík snúist um völd. Það er ekki alls kostar rétt. Flokkspólitík snýst miklu fremur um það að sýna völd. Og nota þau – og gildir þá einu hvort um ofnotkun eða misnotkun er að ræða; aðalatriðið er að nota valdið. Og njóta valdsins.

Það getur verið býsna gaman að horfa á flokksmalana draga fé sitt í dilka; standa álangdar og fylgjast með skömmunum sem rignir yfir einstaka villuráfandi sauð – og gælunum við þá hina sem fylgja forystusauðnum í einu og öllu; blint og bókstaflega. Þetta pólitíska dýralíf er á vissan hátt heillandi stúdía – en samt er það svo að eftir því sem meira og betur er fylgst með jarminu a tarna ... þá þakkar maður sínum sæla fyrir að standa utan réttarinnar – eins og hver annar frjáls maður sem þarf ekki að vera öðrum háður um tuggu.

Flokksblindni er nefnilega á köflum ekkert annað en opinberun hreinnar heimsku. Af og til vitnar hún um framsal gáfna og greindar. Á stundum gengur hún svo langt að vart er lengur hægt að tala um blindni heldur miklu fremur örkuml. Þá er hreinlega öllu snúid á hvolf – og það sem sagt er vera „æskilegt“ í fari manna er talið ráða meira en það „naudsýnlega“ eins og nýlegt dæmi hefur sýnt okkur um sönnun þess að flokkurinn hafi rétt fyrir sér. Og svo leggja menn greind sína á hilluna eitt andartak til að segjast algerlega sannfærðir um að lakasti um-sækjandinn sé klárlega sá

allra hæfasti.

Allt fyrir pólitíkina. Flokks-hollustuna. Tryggðina.

Þeir vita sem er að allt róast að lokum. Og pólitísk heimsku hefur vinninginn.

Dæmin sýna það. Allt var á sínum tíma vitlaust þegar olúrisarnir stálu af þjóð sinni. Eina fórnarlambið var Þórólfur Arnason.

Allt var á sínum tíma vitlaust þegar Íslandi var flækt í Íraksstríð. Eina fórnarlambið var Róbert Marshall.

Allt er núna vitlaust út af ráðningu fréttastjóra Útvarps. Eina fórnarlambið verður Jóhann Hauksson. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFELAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRI: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HEIMS BÍLAR

S:567 4000

Ertu að selja bíl?

Komdu þá strax í dag, sýndu okkur hann og skráðu hann hjá okkur. Þá er páskaegg nr.5 frá Nóa Sírius þitt!

Heimsbílar er traust bilasala með reynslumikið og duglegt starfsfólk. Staðsett á nýju, stóru og sérhönnuðu bílasölusvæði við Klettháls. Næg bílastæði svo hver bíll hjá okkur fái hámarks athygli!



Opíð virka daga 10-18
 Laugardaga 12-16
 Sunnudaga 13.mars 12-16

www.heimsbilar.is
heimsbilar@heimsbilar.is

PEUGEOT 407, FRUMSYNING

Meistarahönnun sem flytur staðalinn
á fjölskyldubíl upp í nýjar víddir



TÖLUM UM NÝSKÖPUN



BERNHARD ehf. Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Hulunni svipt af Peugeot 407 - nýjasta fjölskyldubílnum laugardaginn 12. mars kl. 12:00. Opíð til kl. 16 laugardag og 12 - 16 sunnudag hjá Bernhard Vatnagörðum og umboðsaðilum.

Komdu um helgina og upplifðu Peugeot 407 leiftrandi nýsköpun í hönnun, áreiðanleika og öryggi.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá 2.190.000 kr. - 22.941 kr. á mánuði *

Peugeot 407 SW verð frá 2.350.000 kr. - 24.618 kr. á mánuði *

* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

407



PEUGEOT

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Bræðurnir í Bakkavör, þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, eru engir nýgræðingar í því að kaupa fyrirtæki sem eru stærri en fyrirtæki þeirra sjálf.

Sókn í undanhaldi eldamennskunnar

Kaup Bakkavarar á Geest er risaskref í átt að yfirlýstu markmiði bræðranna í Bakkavör um að Bakkavör verði alþjóðlegt stórfyrirtæki. Eldamennska er á undanhaldi í vestrænum samfélögum og vöxtur í sölu tilbúinna rétta.

Kaup Bakkavarar á Geest hafa vakið athygli í breskum fjölmiðlum og hefur víða verið fjallað um þau. Tíðindin um formlegt tilboð ættu ekki að koma á óvart, enda flestir verið þeirrar skoðunar að Bakkavör stefndi að því að eignast Geest frá því að Bakkavör keypti fyrstu tíu prósentin í Geest í fyrravor. Það sem kom hins vegar mörgum á óvart var að ekki þarf að auka hlutfé vegna kaupanna og vextir á 58 milljarða láni frá Barclays banka eru einungis með 1,5 prósentu álagi á millibankavexti. Það þýðir að bankinn hefur mikið traust á fyrirtækinu og telur sig ekki vera að taka mikla áhættu með láni til Bakkavarar.

Heimildin til hlutfjárhækkunar sem ekki er nýtt reyndist samt sem áður verðmæt. Aðalfundur Bakkavarar samþykkti heimildina

og við það varð mönnum ljóst í Bretlandi að fyrirtækið hefði alla burði til að kaupa Geest sem er margfalt stærra fyrirtæki. Stjórn Geest var ljóst að alvara var á ferðum og heimildin reyndist því lykkillinn að því að boltinn fór að rúlla.

Farsæl yfirtaka

Yfirtaka á fyrirtæki í Bretlandi er þolinmæðisvinna. Mikilvægt er að styggja ekki gagnadilann og meðmæli stjórnar með tilboði eru nauðsynleg. Stjórnarmenn í fyrirtæki sem stefnt er að yfirtöku á eru undir mikilli pressu um að þeir gæti hagsmuna hluthafa. Bakkavör var í lykilstöðu með yfir 20 prósentu eign í Geest. Þeir nýttu tímann vel og sátt er meðal stjórnar og stjórnenda um kaupin. Allir lykilstarfsmenn Geest munu starfa áfram hjá fyrirtækinu.

Bræðurnir í Bakkavör, þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, eru engir nýgræðingar í því að kaupa fyrirtæki sem eru stærri en fyrirtæki þeirra sjálf. Kaup þeirra á Katsouris voru einmitt þannig og festu Bakkavör í sessi á breska markaðnum. Lykillinn að kaupunum á Katsouris voru velheppnuð kaup á Wine and Dine í Birmingham árið 2000. Wine and Dine var í eigu grískrar fjölskyldu frá Kýpur og ánægjan með kaupin og framhaldið varð til þess að þegar Katsouris-fjölskyldan, sem á einnig rætur á Kýpur, vildi selja



ÁFANGI Á BOÐADRI LEIÐ Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, kynnr breytingar á Bakkavör við kaupin á Geest. Fyrirtækið setti sér markmið um að velta 200 milljörðum árið 2013. Eftir kaupin á Geest er sá áfangi ekki svo langt undan.

fyrirtæki sitt, þá var Bakkavör efst á óskalistanum. Katsouris-fjölskyldan gerðist hluthafi í Bakkavör og hefur fylgt þeim í öðrum fjárfestingum. Katsouris-fjöl-

skyldan er einnig í hluthafahópi KB banka.

Fleiri lykjar á kippunni

Í kaupunum á Wine and Dine leyndust fleiri lykjar á lykklakippunni. Í gegnum kaupin mynduðust tengsl bræðranna við fyrirtækjaráðgjafa og fjárfestingarbankaarma stóru bresku bankanna í Birmingham. Þau tengsl nýttust svo áfram við útrás KB banka í Bretlandi. Baugur naut svo góðs af þeim tengslum þegar fyrirtækið steig sín fyrstu skref í fjárfestingum í Bretlandi. Þessi hluti sóknar íslenskra fyrirtækja og tengsl við breskan fjármálaheim á því rætur í kaupum Bakkavarar í Birmingham.

KB banki sá um ráðgjöf við kaupin á Geest. Leiðir Bakkavarar og KB banka hafa legið saman frá því að fyrirtækið komst á legg. Sigurður Einarsson hafði trú á sýn bræðranna og lagði þeim í gegnum Kaupþing til bæði fjármagn og fjármálaþekkingu til þess að koma fyrirtækinu á legg. Kaupþing og Grandi gegndu lykhillutverki í því að fyrirtækið komst á legg og bræðurnir fengu tækifæri til þess að nýta ótvíræða hæfileika sína til að byggja upp alþjóðlegt fyrirtæki. Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, var þá forstjóri Granda og hafa leiðir þeirra bræðra og Brynjólfs legið saman æ síðan. Brynjólfur situr í stjórn Bakkavarar.

Markið háa

Á aðalfundi Bakkavarar fyrir ári sagði Ágúst Guðmundsson að Bakkavör stefndi að því að ná 200 milljarða veltu árið 2013. Þá myndi hefjast nýr kafli í sögu fyrirtækisins sem alþjóðlegs risa í matvælaframleiðslu. Yfirlýsingin sem bar vott um langtímasýn fyrirtækisins þótti djörf og nokkuð bjartsýn. Með kaupunum á Geest er þó ljóst að árið 2013 hefur líklega að geyma hærri veltutölur en Ágúst nefndi í

ræðu sinni, ef heldur fram sem horfir. Gera má ráð fyrir að velta Bakkavarar eftir yfirtöku á Geest verði um 130 milljarðar króna. 200 milljarða markið er ekki svo langt undan núna. Þegar Ágúst lét orðin falla var velta Bakkavarar um 17 milljarðar króna.

Ágúst og Lýður hafa alla tíð sett fram skýra framtíðarsýn um að þeir hyggt byggja upp alþjóðlegt stórfyrirtæki. Þeir hafa lýst því að eðlilegt sé að horfa á fyrirtækið í ljósi þeirra eigin starfsævi. Bakkavör og þeir eru samofin í eina heild. Þeir voru 19 og 22 ára þegar þeir hófu að vinna hrogn árið 1986 og starfslok þeirra eru hvergi nærri í sjónmáli. Fyrirtækjarekstri fylgir áhætta og alltaf þarf að glíma við eitthvað í rekstri. Samkeppni á smásölumarkaði í Bretlandi hefur sett þrýsting á framleiðslufyrirtæki um að lækka verð og Bakkavör tókst betur að halda framlegð en Geest. Staða þeirra á markaði nú er sterk, en þeir eru þess fullmeðvitaðir að hættulegt sé gagnvart viðskiptavinum að ofmeta styrk sinn. Stærsti viðskiptavinur þeirra, smásölukeðjan Tesco, hefur vaxið hratt og hyggur á útrás í Asíu. Bakkavör hyggt fylgja þeim í uppbyggingu í Asíu.

Minni eldamennska

Geest rekur verksmiðjur á meginlandi Evrópu og með kaupunum opnast gluggi og viðskiptasambönd við smásölukeðjur á meginlandinu. Kældir tilbúnir réttir eru hvarvetna í sókn og tíminn sem fólk er tilbúið að verja í matargerð er sífellt minni. Sala á tilbúnum mat í stórmörkuðum hefur vaxið hratt í Bretlandi. Sá markaður er kominn lengst og sama þróun talin innan seilingar annars staðar á Vesturlöndum. Bakkavör ætlar sér að sækja fram samhliða undanhaldi eldamennskunnar. Með kaupunum á Geest eru þeir með styrk stórskotaliðs í þeirri sókn.

haffidi@frettabladid.is



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2005

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn
mánudaginn 11. apríl 2005 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg ársfundarstörf.
- Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum.
Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 11. mars 2005
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Sími: 580 4000 • Myndsendir: 580 4099 • Netfang: skrifstofa@live.is



ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

7,9%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.
*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 28.02.2005 á ársgrundvelli



Fyrstur á lista Forbes

Fyrsti Íslendingurinn komst á lista Forbes yfir ríkasta fólk heims. Björgólfur Thor Björgólfsson er meðal tíu ríkustu einstaklinga undir fertugu.

Björgólfur Thor Björgólfsson er fyrsti Íslendingurinn sem kemst á lista tímaritsins Forbes yfir ríkasta fólk í heimi. Björgólfur er samkvæmt listanum í sæti 488 á listanum.

Forbes beinir töluverðri athygli að Björgólfi Thor og fjallar um hann í ítarlegri grein. Blaðamaður Forbes, Luisa Kroll, sótti Ísland heim í janúar síðastliðnum til þess að kynna sér Björgólfi Thor og umsvif hans. Í samtali við Forbes segir Björgólfur orðstír skipta mestu. „Völd og peningar eru vegur til virðingar,“ segir hann og kennir enskumælandi spakmæli Háva-mála: „Deyr fé, deyrja frændur, en orðstír deyr aldrei, hveim er sér góðan getur.“ Björgólfur segist hafa öðlast þá virðingu sem hann vill. „Nú get ég hafið seinni hálfleik lífshlaupsins.“

Forbes metur nettóeignir Björgólfs á 1,4 milljarða dollara eða ríflega 80 milljarða króna. Björgólfur er einn 38 Evrópubúa sem koma nýir á listann í ár. Hann er sextándi yngstur á listanum og sá níundi ef teknir eru burt þeir sem hafa erfð auðævi sín. Ef horft er á aldurs-samsetningu listans er Björgólfur Thor í áttunda til níunda sæti yfir ríkustu menn heims undir fertugu. Þar trónar á toppnum Roman Abramovich, eigandi fótballaliðsins Chelsea. Eignir hans eru metnar á 13,3 milljarða dollara eða 785 milljarða króna.

Bládamáður Forbes rekur sögu fjárfestingar Björgólfsfeðga og Magnúsar Þorsteinssonar í Rúss-



FYRSTUR ÍSLENDINGA Björgólfur Thor Björgólfsson er 488. ríkasti maður heims samkvæmt tímaritinu Forbes sem birtir árlega slíkan lista. Eignir hans eru metnar á yfir 80 milljarða íslenskra króna.

landi og segir frá heimkomunni og kaupum þeirra á Landsbankanum.

Þá eru raktar aðrar fjárfestingar Björgólfs hér heima og í Austur-Evrópu. Bládamanni Forbes verður starsýnt á frumkvöðlaandann sem virðist ríkja hjá ungum kaupskýslumönnum. Hún nefnir nokkra viðskiptajöfra undir fertugu; þá Jón Ásgeir Jóhannesson, Ágúst og Lýð Guðmundssyni og Hannes Smárason sem allir hafa vakið athygli á alþjóðavettvangi fyrir viðskipti sín.

Listi Forbes er birtur árlega og vekur mikla athygli. Innkoma Björgólfs Thors á hann vekur athygli á honum sem alþjóðlegum fjárfesti. Við það bætist að um hann er fjallað í greininni í tímaritinu, þannig að auk þessarar viðurkenningar er umfjöllunin verðmæt auglýsing fyrir þennan unga frumkvöðul.

Bandaríkjamenn eru mest áberandi í efsta hluta listans og aðeins

einn Evrópubúi nær inn á topp tíu. Það er stofnandi og aðaleigandi IKEA, Ingvar Kamprad.

Björgólfur Thor hefur tekist að komast á listann eftir tíu ára þrotlausa vinnu. Hann er ungur maður og metnaðarfullur og fróðlegt verður að fylgjast með ferð hans upp listann í framtíðinni.

hafliði@frettabladid.is

RÍKUSTU MENN HEIMS:

Nafn	aldur	*eignir
1 William Gates III	49	46,5
2 Warren Buffett	74	44,0
3 Lakshmi Mittal	54	25,0
4 Carlos Slim Helu	65	23,8
5 Prince Alwaleed Bin Talal Al Saud	48	23,7
6 Ingvar Kamprad	78	23,0
7 Paul Allen	52	21,0
8 Karl Albrecht	85	18,5
9 Lawrence Ellison	60	18,4
10 S Robson Walton	61	18,3
488 Björgólfur Thor	38	1,4

* í milljóðum dollara

Framúrskarandi árangur í listnámi

Lista- og menningarráð Kópavogs hefur ákveðið að veita árlega viðurkenningu til framúrskarandi námsmanns á sviði lista.

Skilyrði er að viðkomandi sé búsettur í Kópavogi.

Ráðið óskar eftir ábendingum um slíka námsmenn frá kennurum, listamönnum og öðrum sérfróðum aðilum

Ábendingum skal skilað skriflega, fyrir **11. apríl** nk. til:

**Lista- og menningarráðs Kópavogs
Fannborg 2, 2. hæð
200 Kópavogi**

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg H. Hauksdóttir í síma 570 1600

Lista- og menningarráð Kópavogs



fasteignir

Á MÁNUÐÖGUM

✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja NAVISION SMALLBUSINESS

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Tilbúnir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samheft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

NAVISION SMALLBUSINESS

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinnar
- Birgðir
- Einn notandi

Verð kr. 130.900

Verð miðað við 36 mán. greiðsludreifingu: 5.290 kr. á mán.

Dæmi um viðbótarlausnir	Verð
- Hver auknotandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtukerfi	40.000.-
- Verkbókhald	40.000.-

Öll verð eru án vsk.

Hafðu samband við söludeild Maritech í síma 545 3200 og fáðu allar nánari upplýsingar um hvernig fyrirtækið getur fjárfest til framtíðar með Navision Small Business!

NAVISION SMALLBUSINESS

Nýjung í viðskiptalausnum fyrir smærri fyrirtæki

maritech

Hliðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
postur@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

KRZYSZTOF KIESLOWSKI (1941 -1996)
lést þennan dag úr hjartaáfalli.



„Vill fólk í alvörunni frelsi, jafnrétti og bræðralag?
Er þetta ekki bara eitthvað sem slegið er fram?“

Kiesowski var áhrifamikill kvikmyndaleikstjóri frá Póllandi, fæddur í Varsjá. Hann lærði í kvikmyndaskólanum í Lodz árin 1964 til 1968 og hóf eftir útskrift að gera heimildarmyndir. Fyrir fyrstu mynd sína í fullri lengd, sem út kom árið 1975, fékk hann fyrstu verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Mannheim, en myndin var gerð fyrir sjónvarp.

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Ódæðisverk í Dunblane

Þennan dag árið 1996 skaut byssumaður sextán skólabörn og kennarann þeirra til bana í Dunblane skólanum í Skotlandi. Byssumaðurinn kom grár fyrir járnnum inn í leikfimisal skólans og hóf handahófskennnda skothríð. Tólf börn voru flutt særð á spítala. Börnin sem létust í árásinni voru á aldrinum fimm til sex ára. Eftir að ódæðismaðurinn hafði skotið börnin og kennarann, beindi hann byssunni að sjálfum sér og svipti sig lífi.

Morðinginn hét Thomas Hamilton, 43 ára gamall heimamaður í bænum. Hann hafði áður starfað sem skátaforingir en var rekinn úr skátahefingunni. For-eldrar barna í skólanum streymdu að þegar fréttist af árásinni. Börn sem komust lífs af lýstu því að þau hefðu áður heyrt skothvelli, en héldu að einhver væri að skjóta á mark úti fyrir, þegar Hamilton kom skyndilega inn í leikfimisalinn og hóf skothríð.

Morðin vöktu mikinn óhug um allar Bretlandseyjar og



þótt víðar væri leitað. Englandsdrottningin fordæmdi ódæðin og vottaði aðstandendum barnanna samúð sína. John Major, forsætisráðherra Breta, var í heim-sókn í Kairó þegar skotárásin átti sér stað. Enginn veit með vissu hvað Hamilton gekk til þegar hann framdi ódæðin.

MERKISATBURÐIR

- 1519 Landkönnuðurinn Cortez nemur land í Mexíkó.
- 1781 Sir William Herschel uppgötv- ar plánetuna Úranus.
- 1852 Skrípafígúran „Uncle Sam“ sést í fyrsta sinn í vikublaðinu New York Lantern.
- 1921 Mongólía (áður Ytri-Mongól- ía) lýsir yfir sjálfstæði frá Kína.
- 1925 Bannað var með lögum að kenna þróunarkenningu Darwins í skólum í Tennessee í Bandaríkjunum.
- 1935 Ökuþróf tekin upp í Stóra- Bretlandi.
- 1937 Skíðamót Íslands haldið í fysta sinn. Sigfríðingar vinna í flestum greinum.
- 1965 Jeff Beck tekur sæti Erics Clapton í hljómsveitinni Yardbirds.
- 1981 Kvikmynd Þorsteins Jónssonar Punktur, punktur, komma, strik er frumsýnd í Reykjavík.

ANDLÁT

Helgi Kárason, Áshamri 40, Vestmanna- eyjum, lést fimmtudaginn 24. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sigurína Snorraddóttir, Vestursíðu 38c, Akureyri, lést föstudaginn 25. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Jóhanna Jóhannsdóttir, húsmóðir, síð- ast til heimilis á Hrafnistu, Reykjavík, lést mánudaginn 28. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Ingibjörg Gestheidur Jensen, Berg- þórugötu 41, Reykjavík, lést miðvikudag- inn 2. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Andrés Haraldsson, bifvélavirki, Þver- brekku 4, Kópavogi, lést fimmtudaginn 10. mars.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

TÍMAMÓT: SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS 55 ÁRA

Lygilega góðir tónleikar

Á miðvikudag voru liðin 55 ár frá því að Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika og miðast stofnun hennar við þann viðburð. Gunnar Egilson klarínnettlemur man vel eftir þessum tíma en hann lék með sveitinni um ára- tugaskeið og vann síðar á skrif- stofu hennar.

„Það voru ekki gerðar miklar kröfur, hljómsveitin samanstóð af mestu af mönnum sem gátu haldið á hljóðfæri, en þetta voru lygi- lega góðir tónleikar,“ segir Gunnar um fyrstu tónleikana.

Stofnun hljómsveitarinnar hafði átt sér langan aðdraganda en samþykkt útvarpsráðs réði nokkru um að sveitin væri á end- anum til. „Drifkraftarnir voru öðrum fremur Ragnar í Smára og Jón Þórarinnsson, tónlistarstjóri Útvarpsins, en Jón fékk það í gegn að gera hljómsveitina að út- varpshljómsveit og það var kveikjan að Sinfóníunni.“

Hljómsveitin var fámenn í upphafi, skipuð 39 hljóðfæraleik- urum samanborið við um 80 nú. Flestir voru hljóðfæraleikararnir áhugamenn en ekki sprenglærðir eins og tíðkast í dag. Gunnar var þá nýkominn úr tónlistarnámi frá Bandaríkjunum og einn af fáum lærðum tónlistarmönnum á Ís- landi. Hann fékk þó ekki pláss í



GUNNAR EGILSON Segir að um leið og Sinfónían fór að mæta skilningi af hálfu stjór- valda hafi vegur hennar farið vaxandi.

hljómsveitinni strax því þar voru tveir klarínnettlemur fyrir.

Tækisfærið kom þó von bráð- ar. „Fljótlega kom sú staða upp að það vantaði slagverksleikara. Ég hafði aðeins komið nálægt slag- verki í dansmúsíkinni og hafði það umfram aðra, sem voru kannski leiknari en ég, að geta les-

ið nótur,“ segir Gunnar. Það leið þó ekki á löngu þar til hann fékk að spila á klarínnettíð á tónleikum.

Rekstur Sinfóníuhljómsveitar- innar gekk brósuglega fyrstu árin. „Stjórnvöld sýndu þessu lít- inn skilning og við vorum undir fallöxinni næstu þrjá áratugi og ekkert gert til að tryggja rekstur- inn,“ segir Gunnar. „Sumt fólk hafði hreina óbeiti á okkur og skrifaði leiðinlegar greinar í blöð- in. Þá bætti ekki úr skák að þetta var illa launað og vonlaust að gera Sinfóníuna að aðalstarfi. Ég þurfti að spila dansmúsík á Hótel Borg og víðar til að drýgja tekjurnar og fór síðar að kenna. Vinnudagurinn gat verið langur og lýjandi og það bitnaði auðvitað á hljómsveit- inni.“

Það sem bjargaði hljómsveit- inni var tryggur áhorfendahópur sem mætti á flesta tónleika. Árið 1960 var komið á fastri reglu um tónleikahald og leikið tvisvar í mánuði upp frá því. Það var þó ekki fyrr en 1984 sem Sinfóníu- hljómsveitin var endanlega leyst úr snörunni með lagasetningu sem tryggði fjárframlög til rekstrarins en síðan þá hefur leið- in legið upp á við að mati Gunnars „Sinfónían sjálf er orðin frábær og fjárhagslega er hún trygg, áhorfendum fjölgrá sifell og launin eru orðin þolanleg. Það eina sem stendur henni fyrir þrif- um er tónlistarhús.“

1985 söðlaði Gunnar um og tók við starfi á skrifstofu Sinfóníunnar og varn þar þangað til hann settist í helgan stein árið 2000.

Hann kveðst hættur að blása í klarínnettíð en fer oft á tónleika og viðurkennir að þá klæmi hann stundum í fingurgómana. „Sér- staklega fyrst eftir að ég hætti, þá hugsaði ég hvern fjandann ég hefði gert. Ég hef lifað og hræst með hljómsveitinni þorra ævi minnar. Það er svo hrifandi að flytja svona tónlist. Ég man að það var með alltaf mikil raun þegar ég þurfti niður á kaffihús að spila dansmúsík, þetta er svo allt allt annað.“ ■



Okkar innlegustu þakkar til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýbug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður og ömmu,

Mariu K. Magnúsdóttur
ljósmóður.

Sérstakar þakkar til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Sólvangs Hafnarfirði, séra Gísla Gunnarssonar Glaumbæ, séra Þórhildar Ólafs, Kvenfélags Sauðárkróks, Álfagerðisbræðra, félaga úr Karla- kórnum Heimi, Heilsustofnunarinnar á Sauðárkróki, Útfarar- þjónustu Sauðárkrókskirkju og Útfararþjónustu Rúnars Geir- mundssonar.

Pálína Pétursdóttir, Bjarni Nikulás, María Guðrún, Bjarnís, Bryndís, Pétur Nikulás.

Fróðleikur af gardur.is



Vísinda- og fræðimaður:

Dr. Björg C. Þorláksson

Björg Caritas Þorláksson var fædd 30. jan. 1874, dóttir Þorlaks Símonar Þorlákssonar hreppstj. í Vesturhópshólum og k.h. Margrétar Jónsdóttur, en meðal barna þeirra var Jón forsætisráðherra. Björg gekk í Kvenaskólann á Ytri-Ey og var kennari þar þrjú ár. Við nám í Kaup- mannahöfn frá 1897, við Kennara-

háskólann þrjú ár, stúdent frá Lyceum 1901 og las málfæði og heimspeki við Hafnarháskóla. Giftist 1903 Sigfúsi Blöndal bókaverði, vann með honum að ísl.-dönsku orðabókinni. Þau skildu barnlaus. Tók hún þá upp eftirnafn föður síns. Fekk 1920 styrk til framhaldsnáms í heimspeki, flutti fyrirlestra í Reykjavík 1924 um sama efni og doktorsrit hennar, Le fondement ..., sem hún varði við Sorbonne 1926, varð þá dr. phil. Kjörin félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1928. Lézt 25. febr. 1934. Var hæfileika-mest ísl. kvenna á vísinda- og fræðasviði um sína daga. Rit hennar auk doktorsverksins og orða-bókarinnar voru um kvenréttindi og menntamál kvenna, manneldisfræði, Svefn og draumar, Leikur lífsins, sjónleikur, og Ljóðmæli, 1934. Þýddi fjölda rita, m.a. um matargerð, stjórnskipan, varnamál, skáldverk eftir Selmu Lagerlöf og Johan Bojer auk bókar um Ísland eftir Þorv. Thoroddsen á dönsku. Þá ritaði hún margar greinar í dönsk og íslensk tímarit og blöð. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir reit ævisögu hennar: Björg (2001) og gaf út verk hennar 2002.

Meira á gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.



VLADIMIR ASHKENAZY Gunnar segir það tvímælalaust einn af hápunktum í sögu Sinfóníunnar þegar rússneski hljómsveitarstjórnandi Vladimir Ashkenazy stjórnaði henni árið 1975. Ashkenazy er heiðurstjórnandi hljómsveitarinnar.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Jónsdóttir

Kelduhvammí 16, Hafnarfirði,

Verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 14. mars klukkan 15.

Sólveig M. Magnúsdóttir Stefán Karl Harðarson
Jón Ölver Magnússon
Viðir Þór Magnússon Helena Richter
Björk Magnúsdóttir Úlfar Sigurðsson
barnabörn og langömmubarn.

Brautryðjanda á Alþingi minnst

Málverk af Ingibjörgu H. Bjarnason, fyrstu konunni sem var kosin á þing, var afhjúpað í Alþingishúsinu á alþjóðabaráttudegi kvenna, hinn 8. mars. Konur sem setið hafa á Alþingi komu saman í tilefni þessa og minnst Ingibjargar sem brautryðjanda á sviði kvenfrelsis.

Í tilkynningu Alþingis kemur fram að frá árinu 1845, þegar Alþingi var endurreist, hafi 630 manns tekið þar sæti sem aðalmenn. Þar af eru 56 konur eða 8,9 prósent. Af þessum konum eru 47 enn á lífi.

Konur hlutu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis með stjórnarskrárbreytingu sem staðfest var 19. júní 1915. Réttinum gátu þær fyrst beitt við kosningar 1916, í lands-

kjörinu 5. ágúst og svo um haustið í kjördæmakosningunum 21. október. Bríet Bjarnhéðinsdóttir var þá kjörin varamaður landskjörinna en tók aldrei sæti á Alþingi.

Ingibjörg var kosin á þing sumarið 1922, 55 ára að aldri, en hún var í fyrsta sæti Kvennalistas sem þá bauð fram. Hún tók sæti á þingi árið eftir. Þegar hún var kjörin var hún þegar landskunn sem skólástjóri Kvinnaskólans. Ingibjörg sat á þingi til ársins 1930, en lést árið 1941.

Lengstu þingsetu kvenna á Jóhanna Sigurðardóttir, en hún hefur setið á Alþingi samfelt síðan 1978. „Fyrst kvenna til að hljóta kosningu sem forseti (aðalforseti) var Ragnhildur Helgadóttir. Hún var kjörin

forseti neðri deildar 1961-1962 og aftur 1974-1978. Salome Þorkelsdóttir var kjörin forseti efri deildar 1983-1987 og síðar forseti sameinads þings 1991 og fyrsti forseti Alþingis 1991-1995 (eftir afnám deildaskiptingar 1991). Guðrún Helgadóttir var kjörin forseti sameinads þings 1988-1991, fyrst kvenna til að vera fyrirsvarsmaður Alþingis,“ segir í tilkynningu Alþingis. ■

KONUR AF ALÞINGI Þegar afhjúpað var í vikunni mynd af Ingibjörgu H. Bjarnason, fyrstu konunni sem kosin var á þing, komu af því tilefni saman allar þær konur sem hafa setið á Alþingi og áttu heimangengt.



FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

ANDLÁT



Erlingur Gíslason leikari er 72 ára í dag.



Ari Teitsson, fv. formaður Bændasamtaka Íslands, er 62 ára í dag.

FÆDDUST ÞENNAÐAG



1733 Joseph Priestly, klerkur og vísindamaður, sem uppgötvaði súrefnið.

1764 Charles Earl Grey, forsætisráðherra Breta.



1855 Percival Lowell, stjörnufræðingur sem átti þátt í fundi Plútós.



1950 William H. Macy, leikari.



1956 Dana Delany, leikkona.



1960 Adam Clayton, bassaleikari U2.

1962 Terrence Blanchard, djasstónlistarmaður.



1971 Annabeth Gish, leikkona.



1976 Danny Masterson, leikari.



1985 Emile Hirsch, leikari.

Merkúr við sólu

Í dag eru síðustu forvöð að sinni að sjá innstu reikistjörnuna Merkúr berum augum. Síðustu daga hefur verið hægt að sjá plánetuna sem alla jafna er í felum á bak við sólina og hverfur þangað aftur eftir daginn í dag.



MERKÚR Í NÆRMYND

Best er að koma auga á plánetuna þegar sólin gengur til viðar því skaðlegt getur verið að rýna í brennandi sólina. Þegar sólin hverfur bak við sjóndeildarhringinn er Merkúr á að líta eins og skær stjarna í rósrauðum bjarmanum í vestri.

Frekari upplýsingar um gang Merkúrs er að finna á vefnum stjornuskodun.is. ■

Gefðu rétta tóninn!



Nokia 3100

iPod shuffle

Samsung E 700

eða

+ 300 SMS*, 50 Myndskilaboð og 5 Java-leikir, hringitónar og veggfóður.

= 19.900 kr.



Heyrumst!

Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

*Þú færð 500 kr. inneign á símanúmerið þitt mánaðarlega í 6 mánuði.

Nýtt nafn á traustu félagi í fjölbreyttum rekstri

FL GROUP er nýtt nafn eignarhaldsfélagsins Flugleiða hf. Nýja nafnið undirstrikar þá þróun sem orðið hefur í starfsemi félagsins á síðustu áratugum, úr því að vera flugfélag með margskonar hliðarstarfsemi yfir í að vera fjárfestingafélag sem á fjölmörg dótturfyrirtæki – þar á meðal flugfélög.

Með nýja nafninu er fjölbreytni í rekstri samstæðunnar undirstrikuð og um leið sjálfstæði Icelandair og annarra dótturfélaga frá umsvifum fjárfestingafélagsins. Nýja nafnið skírskotar til hins sögulega bakgrunns starfseminnar og vísar um leið til framtíðar fjárfestingafélags sem er staðráðið í að efla ferða- og flutningsþjónustu samstæðunnar og leita samtímis nýrra tækifæra til vaxtar.



Icelandair annast alþjóðlegt millilandaflug til 22 áfangastaða og þjónar í leiðakerfi sínu þremur mörkuðum: Ferðum Íslendinga til útlanda, ferðamannamarkaðinum til Íslands og Norður-Atlantshafsmarkaðinum.

Icelandair Cargo er umsvifamesta fyrirtækið í flugflutningum til og frá Íslandi og flýgur einnig með vörur milli Evrópu og Bandaríkjanna.

Loftleiðir Icelandic starfar á alþjóðlegum leiguflugsmarkaði og býður ferðaskrifstofum og flugfélögum upp á leigubjónustu á bæði B757 og B767 flugvélum og áhöfnum.

Icelandair Technical Services (ITS) rekur viðhaldsstöð á Keflavíkurflugvelli og veitir tækni- og verkfræðibjónustu fyrir flugfélög.

Icelandair Ground Services (IGS) annast víðtæka flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli og starfrækir flugafgreiðslu, flugeldhús, veitingaþjónustu í flugstöðinni og fraktmiðstöð.

Flugfélag Íslands annast áætlunarflug innanlands, einkum til og frá Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði – og til Færeyja og Grænlands.

Icelandair Hotels rekur keðju heilsárshótela undir vörumerkinu Icelandair Hotels og keðju sumarhótela undir merkjum Hótel Eddu. Á sumrin þegar öll hótelin eru í rekstri eru þau 23 talsins, víðsvegar um landið.

Ferðaskrifstofa Íslands er leiðandi ferðaþjónustufyrirtæki sem skipuleggur og selur ferðir til útlanda einkum undir vörumerkjunum Úrval-Útsýn og Plúsferðir.

Íslandsferðir er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu pakkaferða og móttöku á erlendum ferðamönnum.

Kynnisferðir er ferðaþjónustufyrirtæki sem býður upp á hóp- og áætlunarferðir af ýmsu tagi um allt land.

Hertz bílaleigan býður upp á ökutæki af öllum stærðum og gerðum. Afgreiðslustaðir eru á Keflavíkurflugvelli, í Reykjavík og víðsvegar um landið.

Fjárvakur er alhliða fjármálaþjónustufyrirtæki sem annast bókhald, uppgjör og launavinnslu fyrir fyrirtækin innan FL GROUP.

FL fjárfestingafélag annast fjárfestingar fyrir FL GROUP.

Hjá FL GROUP starfa um 2200 manns í þrettán dótturfyrirtækjum.


Mýs fengu minni æxli ef hvönnin var í fæðinu

Eru til efni sem læknað geta veflesta helstu kvilla mannsins, allt frá getuleysi til kvefpesta? Margir hafa orðið til að reyna að selja fólki lífselixíra og náttúrulyf sem áttu að vera allra meina bót. Sigmundur Guðbjarnason, lífefnafræðiprófessor og fyrrum háskólarektor, vill með aðferðum vísindanna greina og virkja gagnsemi lækningajurta.

Sigmundur Guðbjarnason stofnaði með Þráni Þorvaldssyni og Steinþóri Sigurðssyni fyrirtækið SagaMedica árið 2000 og er þar stjórnarformaður, en fyrirtækinu er ætlað að vinna afurðir úr lækningajurtum. Hann hefur þó starfað að margvíslegum rannsóknum í yfir 40 ár og enn er vitnað í 35 ára gamlar rannsóknir hans á hjartanu. „Ég hafði svolítið gaman af því á ráðstefnu sem ég sótti í Winnipeg árið 2001 að skyndilega vatt sér fagnandi að mér ungu japanskur læknir og hrópaði „You are still alive!“ en hann hafði þá sjálfsagt verið að lesa þessar gömlu greinar í sérgrein sinni,“ segir Sigmundur, en hann rannsakaði einnig á árum áður virkni Omega-3 fitusýra og aðstoðaði Lýsi hf. við að koma á markað slíkur afurðum úr lýsinu. „Það var hins vegar ekkert fyrirtæki til að taka við þessum rannsóknum á heilsubótarefnum úr jurtunum,“ segir hann og þar með var komin kveikjan að stofnun SagaMedica.

Vildu sannreyna gömul fræði

Sigmundur segist hafa verið orðinn latari við að sækja ráðstefnur á fjarlægum staði eftir því sem árin færðust yfir, en eftir að hafa hafði inntöku á hvannarveiginni Angelica hafi þróttur hans í þeim efnunum aukist aftur og gæti því enn átt eftir að koma ungum læknum á óvart á fjarlægum stöðum. Eftir að hann lét af embætti háskólarektors fór Sigmundur af forvitni að huga að lækningajurtum og er SagaMedica sprottið upp úr þeim rannsóknum síðustu 10 til 12 árin. „Við Steinþór höfum stundað þessar rannsóknir saman og má segja að við höfum farið af stað til að kanna hvort hægt væri að staðfesta með nútímaaðferðum vísindanna hvort formæður okkar hefðu rétt fyrir sér í notkun lækningajurta og viljum stuðla þar með að hagnýtingu þekkingarinnar. Við byrjuðum á að skima eftir áhugaverðri lífvirkni í um 40 jurtum, en alls eru víst einar 80 til hér á landi sem flokkaðar eru sem lækningajurtir.“ Hann segir að lít-



SIGMUNDUR OG STEINÞÓR Á RANNSÓKNASTOFUNNI Í LÆKNAGARÐI Í VATNSMÝRI Sigmundur Guðbjarnason og Steinþór Sigurðsson (sitjandi) hafa um árabíl rannsakað lækningajurtir með það fyrir augum að greina og nýta virk efni þeirra.

id hafi fundist af þeirri virkni sem þeir félagar leituðu að í mörgum jurtanna, mjög mikið í öðrum. Þeir þrengdu því leitina og beindu athyglinni einkum að ætihvönn, geithvönn, vallhumli, blóðbergi, blágresi og lúpínu, en þessar jurtir voru flestar notaðar í heilsubótarskýni langt fram á 20. öld. Þegar fyrstu niðurstöður rannsókna fóru að koma í ljós segir hann þá félagar hafa sannfærst um að nokkuð hafi verið til í gömlu fræðunum. Meginþinginn hefur hins vegar verið á rannsókni og vinnslu afurða úr ætihvönn, en í henni segir Sigmundur að hafi verið mest fjölbreynt af virkum efnunum, auk þess sé nóg til af henni, enda vaxi hún um allt land.

telur hann að hvönnin geti haft fyrirbyggjandi eiginleika og segist sjálfur ekki hafa fundið fyrir kvefi síðan hann hóf inntöku hvannaveigarinnar og hafi þó verið kvefsækinn áður. Sigmundur segir aðstandendur SagaMedica jafnframt mjög spennta fyrir nánari rannsóknum á veiruvirkni hvannarinnar. „Það er nýkomin út grein sem lýsir áhrifum *imperatorins*, eins aðal virka efnisins í hvönninni, á HIV veiruna sem veldur eyðni. Vísindamenn frá Spáni og Ítalíu ætla svo að halda áfram og athuga hvort nota má þessi efni við meðhöndlun á eyðnisjúklingum.“

Mýs með brjóstakrabba

Í grasafræðum er hvönnin einnig sögð hafa gagnast gegn krabbameini og lögðu því Sigmundur og félagar í SagaMedica mikla vinnu í að rannsaka þann þátt. „Rannsóknir hafa sýnt að þarna eru efni sem hefta vöxt á krabbameinsfrumum,“ segir hann en gerðar hafa verið tilraunir með krabbameinsfrumur úr mönnum, bæði úr brisi, brjóstum og ristli. „Það er hins vegar ekki það sama og að hefta vöxt á krabbameinsæxlum, en við prófuðum svo að rannsaka þetta í músunum líka.“ Þá voru mýs sprautuðar með krabbameinsfrumum. Þessar rannsóknir voru unnar í samvinnu við Helgu Ógmundsdóttur, prófessor í læknaeild og sérfræðing í krabbameinsrannsóknum, og við Jónas Hallgrímsson, prófessor og sérfræðing í meinafræði. „Það sýndi sig að þegar við tókum mýs og sprautuðum með brjóstakrabba-meinsfrumum úr sama músastofni þá fengu þau öll æxli, býsna stór í sumum tilvikum. En tilraunahópurinn fékk fæði sem í var blandað hvannalaufaseyði. Þá fór svo að yfir 80 prósent músanna mynduðu ekki æxli með sama hætti og hinna, ef til vill kom bara fram þínulítil baun og mörg dýranna mynduðu engin æxli.“ Sigmundur taldi því stöðum rennt undir þá trú að efni úr grænmeti hefðu forvarnargildi gegn krabbameini. „En við erum hins vegar að rannsaka hvornig þetta gerist. Meðal annars er Steinþór að kanna áhrif þessara efna á nýæðamyndun. Ef nýæðamyndun er heft í æxlunum þá fá þau ekki þá næringu sem þau þurfa til að vaxa og verða ekki nema meinlaus baun.“

SagaPro verði að lyfi

Sigmundur segir hvert menningarsamfélag hafa lært að nýta sér þá flóru sem vex á svæði þess. „Enda hefur það sýnt sig að mörg virku efni koma fyrir í ýmsum jurtum. Við sjáum mikið af rannsóknum á Netinu þar sem menn eru að rannsaka þessi sömu efni og við, en eru bara með aðrar jurtir. Ég varð til dæmis mjög spenntur þegar ég sá að í Kína var verið að rannsaka jurtir sem notaðar höfðu verið um aldir við getuleysi karla og voru þá að rannsaka sömu efni og við í hvönninni,“ segir Sigmundur og bætir við að hvönnin hafi enda verið hér notuð í ástardrykki á miðöldum. „Þetta eru efni sem víkka út æðarnar og auka blóðstreymi og það er jú lykillinn að bót meinanna í þessum málum.“

SagaMedica ætlar þó ekki að sinni að leggja út í þróun á lyfjum heldur einbeitir sér að fæðubótarefnum. Sigmundur segir klínískar rannsóknir sem þurfi til að búa til lyf vera umfangsmiklar og kostnaðarsamar. „Það er meira mál en við höfum efni á, en höfum þó áhuga á að gera það með eina afurð sem heitir SagaPro og er komin á markað eftir að hafa verið í prófun hjá vinnu, kunningjum og okkur sjálfum í tvö ár.“ SagaPro gagnast mönnum með góðkynja stækkun á blóðruhálskirtli sem valdið getur tíðum þvaglátum á nóttunni. „Þetta er unnið úr hvannarlaufum og dregur úr þessum tíðu þvaglátum á nóttu. En ef þessi vandamál koma upp eiga menn auðvitað fyrst að leita til læknis til að komast að því hvort stækkunin er góðkynja eða illkynja.“

Sigmundur segir að með nafni fyrirtækisins SagaMedica sé vísad bæði í Íslandssöguna og læknisfræði. „Ætihvönnin á sér 1100 ára sögu hér á landi og kom hingad með landnámsmönnum,“ segir Sigmundur og bendir á að í Fóstbræðrasögu sé til dæmis að finna skemmtilega frásögn af hvannarskurði þeirra fóstbræðra. „Nafnið ætihvönn sýnir enda að hún var notuð sem matjurt auk lækninga. Þess vegna voru jú fóstbræðurnir að skera hvönnina til að leggja með sér til vetrarins. Þetta var borðað svona eins og salat og er enn gert sums staðar, til dæmis á ákveðnum stöðum í Noregi.“ ■

SIGMUNDUR GUÐBJARNASON Í HNOTSKURN

Fæddur: 29. september 1931.

Maki: Margrét Þorvaldsdóttir.

Börn: Snorri, Logi, Hekla og Ægir Guðbjarni.

Menntun: Stúdentspróf frá MA 1952. Diploma í efnafraði og doktorsgráða í lífefnafræði frá Tækniháskólanum í München, Þýskalandi, 1957-1959.

Fyrri störf: Yfirverkfræðingur og framleiðslustjóri hjá Sementsverksmiðju ríkisins; kennari og aðstoðarprófessor í lyflæknisfræði og lífefnafræði við Wayne State University; prófessor í lyflæknisfræði og lífefnafræði við Indiana University Medical Center; prófessor í efnafraði við Háskóla Íslands; forstöðumaður Efnafraeðistofu Raunvísindastofnunar HÍ, deildarforseti verkfræði- og raunvísindadeildar, rektor Háskólans 1985 til 1991; og margvíslegar stjórnarsetur auk fræðiritstarfa og fyrirlestra í sérgreinum.

Áhugamál: Sinnir rannsóknum á lífvirkum efnunum í lækningajurtum, situr í ritstjórn tímarits um raunvísindi og stærðfræði (raust.is) og er framkvæmdastóri Lipidforum, sem eru samnorræn samtök um rannsóknir og hagnýtingu á fituefnum.

Stórar og rúmgóðar íbúðir í boði fyrir barnafjölskyldur

Ótrúlegt verð

Kr. 45.595 á mann
M.v. Hjón með 2 börn á California íbúðahótel.
20. maí, 5 dagar. Netverð með 10.000 kr. afslátt.

Kr. 55.190 á mann
M.v. tvíbyli á California Garden m/hálftu fæði
27. maí, 5 dagar (fös-mið). Netverð með 10.000 kr. afslátt.

10.000 kr.
afsláttur ef þú bókar strax.
Tryggðu þér lægsta verðið.

Salou **NÝTT**
Nú bókar þú beint á netinu á www.terranova.is

– sólarperlan suður af Barcelona

Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, um 100 km sunnan við Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Bærinn skartar stórkostlegum ströndum, fjölbreyttri aðstöðu og einstöku veðurfari. Ströndin er breið og aðgrunn með finum gylltum sandi og því tilvalin fyrir barnafjölskyldur. Menning, verslanir og litríkt næturlíf taka síðan við þegar sólböðum líkur. Salou er sérstaklega skemmtilegur sumarleyfisstaður fyrir fjölskyldur.

Löng helgi eða fullvaxið frí
5 dagar – notaleg endurhlésla í sólinni
12 dagar – fullvaxið frí
... og lengur ef þú vilt

Mundu **MasterCard** ferðavísunina! **Stangarhyl 3 • 110 Reykjavík**
Sími: 591 9000 • www.terranova.is
Akureyri Sími: 461 1099

TERRA NOVA
-SPENNANDI VALKOSTUR

Í minningu Gerðu

Ægir Örn Sigurgeirsson er nýkominn úr húsvitjun í Reykjavík. Tvítug stúlka reyndi að taka líf sitt. Ekki í fyrsta skipti. Nú með aðstoð litríks lyfjakokkteils í plastpoka frá geðdeild Landspítalans. Töflum sem hægt er að blanda á ýmsa vegu til að komast fyrr til Guðs. Aðstandendur stúlkunnar eru ringlaðir og sorgmæddir. Meðvirkir og þreyttir. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir ræddi við Ægi.

S túlkan hefur glímt við anorexiu og bulímíu árum saman, en aðstandendur höfðu áður reynt að halda utan um vandamálið heima,“ segir Ægir sem fyrir hönd Spegilsins fer í heimahús til að leggja hönd á plóg gegn átröskunarvítinu.

„Hún var nýútskrifuð af geðdeild þar sem hún hafði verið í stuttri meðferð sem ekki bar árangur. Á einhvern óskiljanlegan hátt var hún útskrifuð með sex tegundir sterkra lyfja, þrátt fyrir að hafa forsögu um að hafa reynt að fyrirfara sér. Hún hafði áður reynt að fara í meðferð fyrir fjölskylduna, en sjálfsbjargarviðleitni er engin hjá átröskunarsjúklingum og víst að þeir hjálpa sér alveg örugglega ekki sjálfir. Því verða aðstandendur og helst skólayfirvöld líka að taka í taumana áður en það er orðið of seint,“ segir Ægir ákveðið og staðfast.

Sorgin tekin út fyrirfram

Spegillinn var stofnaður í minningu Gerðu Bjargar Sandholt, unnustu og barnsmóður Ægis

Arnar, en Gerða barðist við átröskunarsjúkdóma í sjö ár. Hún var heilbrigð sál í hraustum líkama, sem vildi ná af sér fáeinum aukakílóum sem bæst höfðu á skrokk hennar við meðgöngu frumburðarins. Megrúnin fór úr böndunum en léttust varð Gerða aðeins 38 kíló. Sjúkdómurinn hratt henni út í sjálfsvíg á fögnum júnídegi árið 2002.

Ægir segir ákvörðun um stofnun Spegilsins hafa verið tekna í jarðarför Gerðu.

„Þá var ekki til staður sem tók á móti sjúklingum né aðstandendum, en við aðstandendur Gerðu og annar hópur sameinuðum krafta okkar í að koma Spegilinum á fót. Fyrsta árið keyrði ég mig út. Ég hafði tekið sorgarferlið fyrirfram og undirbúið mig undir að svona færi, því síðustu tvö árin var Gerða alveg gengin úr karakter og í raun ekki sama konan og ég hafði kynnst og búið með. Við höfðum farið í sundur og aftur saman, en í útrás sorgarinnar ætlaði ég að flengja kerfið, sem ekki hefur reynt svo einfalt. Ég stóð í



STERKUR Í MÓTLÆTI Ægir Örn Sigurgeirsson missti barnsmóður sína og unnustu þegar hún gafst upp fyrir átröskunarsjúkdómnum sumarið 2002. Í kjölfarið ákvað hann, ásamt ástvinum Gerðu heitinnar Sandholt, að stofna Spegilinn, hagsmunas-, forvarnar- og fræðslusamtök um anorexiu- og bulímíu-sjúkdómna. Eftir árshvöld er hann kominn tvífeldur til starfa og krefst úrbóta fyrir ört stækkandi hóp átröskunarsjúklinga.

Spegillinn

Spegillinn var stofnaður 17. október 2002 í minningu Gerðu Bjargar Sandholt sem lést úr sjúkdómnum 6. júní 2002. Markmið samtakanna er fræðsla, forvarnir og meðferðarúræði fyrir átröskunarsjúklinga. Fræðslubæklingur Spegilsins liggur frammi á öllum heilsugæslustöðvum í landinu. Sjálfshjálparhópur fyrir aðstandendur er starfandi á vegum samtakanna. Upplýsingar eru veittar í síma 661 0400 og á heimasíðunni spegillinn.is undir fréttir. Spegillinn hvetur aðstandendur og sjúklinga til að hafa tafarlaust samband ef grunur leikur á átröskunarsjúkdómum.

ströngu fyrsta árið, var með fyrirlestra, opinn síma og forvarnavinnu, en fékk á endanum ógeð. Ákvað að taka mér ársfrí og endurmeta stöðuna, en hafði enga hjálp nýtt mér sjálfur. Ég ætlaði þetta allt á hnefanum. Í haust tók ég svo ákvörðun um að halda starfinu áfram fyrir Spegilinn, nú í formi þess að fara í heimahús og tala við aðstandendur, og skóla til að halda fyrirlestra fyrir börn og unglínga. Þetta er mikil lífsreynsla sem ber að miðla og fólki finnst gott að tala við þá sem staðið hafa í sömu sporum.“

Ægir segir aðstandendur átröskunarsjúklinga ekki vita í hvorn fótinn þeir eigi að stíga. Þau, fjölskylda Gerðu, hafi fundið að aðstandendur yrðu að vera í lagi til að geta hjálpað sjúklingnum, en ekkert þeirra hafi verið í jafnvægi þegar hún var veik.

„Við vorum öll meðvirk og tipluðum á tánun; hrædd við hvað beið manns þegar maður kom inn. Gerða bjó um tíma hjá foreldrum sínum og oftast en ekki það móðir hennar mig að fara inn á undan því hún vissi ekki hvað mundi mæta sér. Gerða hafði fengið flogakast, svo það var ekki bara óttinn um að hún tæki eigið líf; hjartað gat gefið sig hvenær sem var. Að lifa undir slíkri pressu setur allt úr skorðum.“

Aðgengilegir lyfjakokkteilar

Ægir og Gerða bjuggu saman í níu ár og áttu saman tvö börn. Gerða reyndi ítrekað að fyrirfara sér, en sú staðreynd virtist engin áhrif hafa á lyfseðlaskrif lækna sem hún heimsótti.

„Hún fékk alltaf sama væna lyfjapokann með sér ef hún lagðist inn á sjúkrahús. Gerða fann einnig út hvernig læknavaktin virkaði og fékk alls staðar lyf, meira að segja morfín. Hún gat

fengið morfín annan hvern dag hjá mismunandi læknum, tíu töflur í einu. Læknar og lyfsalar eru sofandi á verðinum. Í apótekum standa hægða- og þvaglosandi lyf í hillum framan við búðarborðið. Lyfjatæknir í apóteki sagði mér að flestir sem keyptu sér hægðalosandi lyf væru ungar stúlkur og strákar í grennsta lagi. Samt er þetta látið vera unga fólkinu aðgengilegt til að koma örugglega öllu út úr líkamanum. Morfín er svo eftirritunarskytt lyf, en samt getur sjúklingur gengið á því í nokkra mánuði áður en tengslin sjást. Hví er þetta svona? Hvers vegna eru ekki strangari reglur um að aðeins einn læknir megi skrifa út lyfseðla fyrir hvern og einn sjúkling?“ spyr Ægir Örn og hristir höfuðið reiðilega. „Læknað með lyfjum er slagorð lækna og maður veltir fyrir sér hvort þeir þiggi sporslur frá lyfjafyrirtækjum. Ég fullyrði ekki neitt, en það bendir margt til þess.“

3.000 veikir

Þegar Ægir kom aftur til starfa Spegilsins síðastliðið haust blasti við honum hrikalegur veruleiki. Ástandið hafði versnað mikið og biðlistar átröskunarsjúklinga lengst. Enginn hefur verið tekinn inn í teymisméðferð geðdeildar frá áramótum 2003 og óvist hvernig verður með árið í ár vegna manneklur og fjárskorts sjúkrahúsanna.

„Biðlistar lengjast, en samt er ekki lítið á þetta sem vandamál innan heilbrigðiskerfisins,“ segir Ægir Örn og bætir við að áætlað sé að 3.000 átröskunarsjúklingar séu á Íslandi, áttatíu prósent þeirra konur á aldrinum 13 til 26 ára.

„Margfalt fleiri konur greinast með átröskun en krabbamein á þessum aldri. Séu bornar saman batalíkur og dánartíðni átröskunar miðað við krabbamein, enda

tuttugu prósent átröskunartilfella með dauða. Heilbrigðisyfirvöld segja engan hafa dáðið úr átröskun á Íslandi, því þegar átröskunarsjúklingur deyr er það af völdum sjálfsvígs, hjartaáfalls eða köfnunar vegna aðskotahluts í hálsi.“

Dottandi ráðherra

Ægir fór ásamt tveimur úr stjórn Spegilsins á fund landlæknis og heilbrigðisráðherra á haustdögum 2002, eða fyrir tveimur og hálfu ári. Samþykkt var að setja á fót nefnd á vegum embættanna, en Ægir segir það hafa verið gert til þess eins að friða fundargesti.

„Við komum á fund heilbrigðisráðherra eldsnemma morguns þar sem hann hélt á penna í annarri hönd og sat sem steinrunninn ofan í borðið án þess að segja eit einasta orð. Við vissum ekki á tímabili hvort hann hefði dottað fram á bringuna á sér því hann leit aldrei upp meðan aðstoðarfólk hans talaði. Þegar ég sá mynd af páfa og aðstoðarliði hans í sjónvarpinu datt mér strax í hug Jón Kristjánsson, því hann sinnti okkur á engan hátt. Einu viðbrögðin frá æðsta manni heilbrigðiskerfisins voru þögn og morgunlúr þegar við sögðum honum frá alvarlegu ástandi og þrýstum á úrbætur.“

Móttökurnar voru betri hjá Sigurði Guðmundssyni landlækni sem virtist sleginn yfir upplýsingum Spegilsins, eithvað sem áður hafði ekki komið inn á borð til hans, að sögn Ægis.

„Sigurður gaf okkur loforð um nefnd til úrlausnar, en nefndin er enn að störfum og hefur ekki skilað neinu, tveimur og hálfu ári seinna. Eftir því sem ég best veit situr í nefndinni yfir lækni á geðdeild sem nýlega lýsti yfir á fundi að átröskun væri ekki vandamál á Íslandi. Ég bendi henni á að skoða „Spurningar og svör“ á heimasíðu Spegilsins til að byrja með.“



GERÐA BJÖRG SANDHOLT Myndirnar sýna Gerðu Björg árið 1999 þegar sjúkdómurinn var farinn að ágerast en seinni myndin er tekin þegar Gerða Björg er orðin fátæk og aðeins 38 kíló. Linsur myndavéla gera fólk breiðara en það er í raun, svo fólk getur rétt ímyndað sér hve súpermodélir eru létt og veikbyggð.

Barcelona

Fegurst á vorin

3. apríl

frá kr. 29.690

Vikuferð

Barcelona er einstök perla sem íslendingar hafa tekið ástföstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta vorsins í þessar einstöku borg frá 3.-10. apríl. Beint flug til Barcelona og þú velur hvort þú kaupir eingöngu flugsæti eða gistir á einhverju af okkar vinsælu hótélum í hjarta Barcelona.

Verð kr. **29.690**

Flugsæti með sköttum. Netverð.

Verð aðeins kr. **49.990**

– vikuferð
Flug, skattar og gisting með morgunmat, m.v. 2 í herbergi á Hotel City Park Nigaragua **** í 7 nætur. Netverð.



Feimnismál og fordómar

Átröskun er feimnismál í íslensku samfélagi. Enginn hefur hátt um sjúkdóminn. Hvorki sjúklingar, aðstandendur né heilbrigðisyfirvöld.

„Einhverra hluta vegna fylgir átröskun skammarstimpill. Sjúkdómurinn hefur verið kallaður stelpusjúkdómur, en leggst á karlmenn líka og erfitt fyrir þá að brjótast fram og leita hjálpar. Hins vegar verða aðstandendur að grípa í taumana fyrr. Átröskun er miklum mun alvarlegri sjúkdómur en kvef sem hægt er að lækna heima. Það dugar ekki að sitja yfir sjúklingnum og segja honum að borða. Hjálp er að finna hjá Speglinum, meðferðarstöðinni Prismu og heilbrigðiskerfinu.“

Og að mati Ægis gætu menntayfirvöld hjálpað ómetanlega með því að endurmeta námsstefnu sína.

„Nú er verið þvinga upp á fermingarborn fræðslu um það sem gerðist fyrir 2.000 árum. Hvernig væri að byrja aðeins fyrr og kenna börnum að lifa í nútímanum? Eg er sannfærður ef við eyddum sama tíma í kynfræðslu og fræðslu um líkamann og lífið, værum við ekki að sjá stelpur í endabarmsmökum til að komast inn í parti, ekki svona mikið af átröskun, auk minnkandi einelti og ofbeldi. Menntamálaráðherra ætti að taka fast á þessum málum, gera minna af því að opna sýningar og taka við viðurkenningum, heldur ráðast á mál efni sem skipta raunverulegu máli og kollvarpa menntakerfinu með því að aðlaga það nútímanum.“

Ný sólarupprás

Að sögn Ægis stendur margt ungmennið tæpt og dauðveikt vegna átröskunarsjúkdóma. Mörg andlit minningargreina séu fórnarlömb sjúkdómsins.

„Við reyndum að tala opinskátt um dauða Gerðu og ég dáist að fólki sem gerir það, því umræðan hefur hvetjandi áhrif á aðstandendur til að stíga fram og hafa samband. Við þurfum á fólki að halda í Spegilinn til að halda umræðunni gangandi. Eg hélt að ég væri búinn með minn pakka, en nú er nýr sjúklingur í stórfjölskyldunni. Átröskun finnst í öllum fjölskyldum. Líka hjá ráðamönnum þjóðarinnar sem verða að líta sér nær. Sjúkdómurinn er afar vel falinn og erfitt að ná til sjúklinga sem og aðstandenda, en skömmina þarf að drepa. Það er engin skömm að veikjast, enda sjötíu prósent þjóðarinnar sem glíma við geðraskanir og geðsjúkdóma. Við læknum ekki bara með lyfjum, heldur með því að tala um hlutina og veita hvort öðru stuðning.“

Ægir bindur miklar vonir við Prismu og vill sjá hana vaxa upp í að verða meðferðarstöð þar sem sjúklingar eru lagðir inn og unnið með þá áfram á dagdeildum.

„Það er löngu búið að reikna út hve mörg stöðugildi þarf á Landspítalanum til að sinna þessum sjúklingum og við erum með tómar hæðir á spítölnum, því okkur er sagt að fjármagn skorti. Samt skortir aldrei fjármagn í brúð eins og sendiráð í Kína eða flutning ísklumps til Parísar. Þegar kemur að dauðveikum Íslendingum virðist ekkert hægt og alltaf komið að lokuðum dyrum, nema menn séu komnir undir 35 kíló og búnir að reyna sjálfsmorð. Þá má koma inn í stutta innlögn og fá næringu í æð.“ segir Ægir að lokum, fullur eldmóðs og baráttuþreks í minningu sinnar heittelskuðu, en sáttur á ný við lífið og tilveruna.

„Ég hef verið svo lánsamur að kynnst yndislegri konu sem stendur þétt við bakið á mér í baráttunni fyrir Spegilinn og reyni að nýta hverja stund til að hlúa sem best að börnum okkar Gerðu, enda hlutverk mitt sem foreldris að annast þau, gæta og uppræða sem best, eins og reyndar allra foreldra í landinu. Ábyrgð okkar er mikil. Foreldrar Gerðu eru mér sem aðrir foreldrar og taka virkan þátt í uppeldi barnanna. Þó að áföll dýnji á manni í lífinu kemur sólin alltaf upp aftur.“ ■

Fimm nýir sjúklingar á viku

Í hverri viku birtast allt að fimm nýir átröskunarsjúklingar á gólfi Margrétar Gísladóttur, hjúkrunar- og fjölskyldufræðings, sem er eini fagaðilinn sem sinnir átröskunum á göngudeild geðdeildar Landspítala við Hringbraut. Það eru á þriðja hundrað nýir sjúklingar á ári og þá aðeins taldir þeir sem leita á bráðamóttöku og til Prismu, en ótaldir þeir sem leita annað eða sleppa að leita sér lækninga. Prisma varð til 1. nóvember síðastliðinn. Auk Margrétar standa að Prismu Sólveig Katrín Jónsdóttir listmeðferðafraeðingur, Þórhildur Sveinsdóttir iðjuþjálfari og Helga Jørgensdóttir, geðhjúkrunarfræðingur. „Við vildum bjóða upp á meðferð fyrir sjúklinga með átröskun því spítalinn annar henni ekki eins og er. Til átján ára aldurs geta unglingar komist inn á Bugl, en þar er nú biðlisti. Allir hafa aðgöngu að bráðamóttöku geðdeildar, en í heilbrigðiskerfinu eru aðeins þrjú fullorðinspláss fyrir átraskanir og oft umsetin,“ segir Margrét. „Það er brýnt að bjóða upp á frek-

ari úrræði fyrir átröskunarsjúklinga og í farvatninu að opna dagdeild. Húsnæðið er til og nýtekið í gegn, en hvenær sú deild verður tekin í gagnið er ekki enn komið á hreint.“

Átröskunarsjúkdómar eru ekki afgreiddir á einum degi. „Innlögn er oftast miðuð við þrjá mánuði til ár,“ segir Margrét, en alls hafa sextíu manns sótt þjónustu miðstöðvarinnar síðan hún opnaði í nóvember. „Það vantar þjónustu fyrir þennan hóp og gengur heldur hægt hjá heilbrigðisyfirvöldum að gera eitthvað róttækt í málinu. Eg vil sjá dagdeildina opna sem fyrst og um að gera að grípa inn í þetta strax. Við gætum verið að missa fólk að óþörfu.“ Æ fleiri Íslendingar greinast með króniska átröskunarsjúkdóma. Margrét segir það vera vegna skorts á hjálpi. Of seint hafi verið gripið inn í sjúkdómsferlið. „Við erum sjötíu prósent vatn og bein eru líka úr vökva. Í undirþyngd og vöskvortí skreppur allt saman, bein og líffæri. Fólk sér sig ekki raunhæft,



sjálfsmatið skerðist og það fer til baka í þroska, verður barnalegra í tali og samskiptum.“ Margrét segir mikilvægt að spyrja nákomna hreint út ef megróin er sjáanlega farin úr böndunum. „Þá á að spyrja beint hvernig eintaklingnum líði og nota tækifærið til að lýsa yfir áhyggjum. Sjúklingarnir taka því ekki illa að vera spurðir og segja reyndar oft að enginn hafi sagt neitt, en bara horft á þá. Flestum finnst gott að finna stuðning og vilja innst inni hjálpi.“

SONY

Vaxtalaus helgi í Sony Center Kringlunni! Fyrir 2.499* krónur færðu...

DSC-L1

Sony stafræn myndavél.

- 4,1 milljón pixlar
- 3x aðdráttur um Carl Zeiss linsu
- 1,5" skjár

Verð 2.499 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
29.988 krónur staðgreitt



Hönnun sem tekið er eftir!



Fermingar-samstæðan!
120W magnari og tekur 5 diska!

CMT-HPX7

Sony samstæða

- 120W magnari
- 5 diska geislaspilarar með mp3 afspilun
- Tengir fyrir tölvuna/mp3 spilarann

Verð 2.499 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
29.988 krónur staðgreitt

MZ-NH700

Sony Minidisk.

- Minidisk spilara sem tekur 1GB á disk.
- Stafrænn flutningur til/frá tölvu (USB)
- Topp upptöku og afspilunargræja.

Verð 2.499 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
29.988 krónur staðgreitt



Geymir allt að 1GB á disk!

Opið í dag frá 13-17.

You make it a Sony

*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

Vinsæll og veit af því

Gylfi Ægisson er lifandi goðsögn. Hann er stórgerður og glæsilegur. Íslenski en flest. Sterkur og listelskur. Gáfum gæddur beint úr gnóttarbrunni skaparans. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir ræddi við Gylfa um sanna íslenska sjómenn, Bakkus, konurnar og litríka ævi.

Við hittumst á Kringlukuránni. Staðnum hans Gylfa sem ekki hefur drukkið deigan áfengisdropa í aldarfjórðung. Hann á sinn fasta bás á kránni. Þykir gaman að sýna sig og sjá aðra þegar löngunin kemur upp að bregða sér út á lifið. Augu kvenna beinast að honum með áhugaglampa og karlmenn koma við til að taka í hönd hans og kasta á hann kveðju. Allir þekkja Gylfa.

„Ég er hætta að láta mig skipta hvað fólk finnst. Nýjasta sagan er að ég hafi drukkið út aleiguna, en allir sem þekkja mig vita að ég drekk bara gos. Sumir koma að borðinu mínu og vilja þefa upp úr glasinu meðan aðrir vilja smakka. Þeir trúa ekki að ég sé edrú, en hið rétta er að ég hef aðeins tvisvar drukkið blóð Krists í altarisgöngu og af slysi fengið vitlaust glas á matsölustað á Kanaríeyjum sem ég neyddist til að kyngja því öll salerni voru setin. Mér var ekki meint af og mun aldrei falla. Það er ekki hægt. Löngunin var tekin í burtu.“

Gylfi er að tala um mátt áhrifavaldsins mesta; Jesú Krists. Það var árið 1979 að hann fletti upp í símaskránni í leit að lækni sem gæti spautað hann niður vegna vín-drykkju, en faðir læknisins varð fyrir svörum.

„Sá var séra Sigurjón Árnason prestur í Hallgrímskirkju, áður í Eyjum. Mér leið alveg svakalega illa og sagði honum frá líðan minni, það hann að biðja fyrir mér, sem og hann gerði. Fimm mínútur seinna fannst mér ég eins og svífa um í silki, sofnaði og var þar með hætta að drekka brennivín,“ segir Gylfi og hyggur að feimni hafi leitt hann í slagbot Bakkusar á sínum tíma.

Valdi hundinn fram yfir konuna
„Ég þorði aldrei að bjóða stelpum upp og var að drepa úr feimni þar til ég kynntist Gerði sem vandi mig af feimninni. Hún er 26 árum yngri og falleg. Það var nóg til að peppa upp sjálfstraustið og í dag er ég allt öðruvísi,“ segir Gylfi og vísar til fyrrverandi eiginkonu sinnar, en þau Gerða skildu fyrir hálfu öðru ári.

„Mörgum konum þykir vænt um mig, en ég er ekki þannig að ég fari með hverri sem er heim. Hef reyndar verið óheppinn í kvennamálum, sem er sjálfum mér að kenna. Að geta ekki tollað með sömu konunni alla ævi, eins og Rúnar Júlín vinur minn með Maríu sinni. En það kemur alltaf eitthvað

upp á,“ segir Gylfi íbygginn og minnst á gamlan Schäfer-hund sem hann átti en er nú farinn til feðra sinna.

„Hann bjargaði lífi mínu þegar ég datt í bröttum stiga. Þá hét ég því að svæfa hann aldrei meðan hann lifði. Síðan gerist það að Þóra Steindórsdóttir, sambýliskona mín til tuttugu ára, vildi að hundurinn yrði svæfður. Ég valdi hundinn því hann hafði engan annan málstað en mig. Ég var sá eini sem gat bjargað lífi hans. Ég fór út samdægurs og fékk þá leigða íbúðina með flísinni merkilegu,“ segir Gylfi, en hundurinn lifði fimm ár eftir skilnaðinn.

Strok fjósamansins

Gylfi er kominn með nýjan geisladisk: Þeir voru sannir sjómenn! Diskinn samdi hann sjálfur, spilaði á öll hljóðfæri, útsetti og tók upp, hannaði plötuumslagið, límdi á diskana og hulstrið. Hann selur diskana sjálfur, flesta í gegnum síma, en hann á stóran hóp aðdáenda sem hringja og panta hans landsfrægu léttleikans músík.

„Jú, lögin mín eru stundum spiluð á Rás 2, en ekki mikið á öðrum stöðvum. Lag númer þrjú á nýja disknum yrði vinsælt ef platan fengi meiri spilun. Það er ég viss um,“ segir Gylfi staðfastur. Titillagið er samið um áhöfnina á Freyjuni frá Súðavík sem fórst í ofsavæðri þann 1. mars 1967.

„Eins og með annað hvísluðu þeir að mér að semja um minningu sína,“ segir Gylfi sem sjálfur hefði átt að vera um borð í Freyjuni.

„Í staðinn var ég á Gylfanum frá Ísafirði sama óveðurskvöldið, skammt frá Freyju. Ég hafði ráðið mig á Freyjuna veturinn 1966 en hún fór ekki strax til sjós. Þegar að því kom vildi ég frekar vinna í landi og spila með hljómsveit fyrir Vestfirðinga. Varð þá útgerðarmaðurinn brjáláður og hótaði að senda mig burt. Verið var að leggja rafmagn í Súðavík á þessum tíma og nokkrir menn úr rafmagnsflokknum heyrðu hótanirnar. Verkstjórninn bauð mér þá vinnu og hótaði að flokkurinn færi allur suður yrði ég rekinn frá Súðavík. Ég fékk því að búa áfram í bragganum en réð mig um voríð sem fjósamann að Miðdal í Kjós, þar sem allt gekk náttúrulega á afturfótunum því ég kunni ekki til verka. Ég strauk þaðan til að vera í hljómsveit í Bolungarvík og réð mig á Gylfann.“

Datt út úr þjóðskrá

Gylfi var sjómaður í fimmtán ár, alltaf sjóveikur ef í landi smástund, og segist hafa skipt um báta eins og nærbuxur vegna fylliris og flökku-eðlis.

„Ég gaf skít í allt og fór þangað sem hugurinn dró mig. Datt meira að segja út úr þjóðskrá vegna flakks, sem kom í ljós þegar lækur á Bláa bandinu sagði mig verða að borga allt úr eigin vasa því ég væri ekki til í þjóðskrá. Vasinn var auðvitað tómur svo ég fór út til Eyja og samdi Minningu um mann.“

Margir halda að Gylfi Ægisson sé úr Vestmannaeyjum en hið rétta er að hann er Siglfröðingur.

verði að koma því masterinn yrði að fara utan um kvöldið. Ég sagðist ekki geta það en tek leigubíl í stúdíó, reyni að syngja en hitti ekki á míkrafóninn. Endaði með að Gunnar hélt hausnum uppi meðan ég söng. Lagið varð rosalega vinsælt, þetta var Eyjan mín bjarta sem unnið hafði þjóðhátíðarkeppnina á hundrad ára afmælinu í Eyjum.“

Það var annars á Siglufirði sem Gylfi fékk sér fyrsta sopann, ásamt vinum sínum Jóhanni Ágústi prófessor í læknisfræði og Friðbirni, pabba Björns Jörundar í Nýdönsk.

„Ég hafði smíðað kassabíl sem við allir komumst inn í og við vorum í ímynduðum leik að keyra brenni-

Englandi eftir að hann bauð þar lendum manni og konu til drykkju um borð í Hofsjökli.

„Ég skildi ekki af hverju þau komu ekki á eftir mér upp í skipið og fór aftur út. Þá sá ég höfuð mannsins í sjónum og konuna dána. Bæði höfðu oltið úr völtum landganginum og drukknad. Sem betur fer tókst að endurlífga manninn sem var til frásagnar um hvað gerðist en annars hefði ég eflaust verið dæmdur fyrir morð.“

Og Gylfi hefur kynnst sorginni, en fimmtán ára strauk hann að heiman frá Siglufirði og til Eyja þar sem Steini eldri bróðir hans var til sjós. Saman fóru þeir með farskipi



STUÐBOLTI NÚMER EITT Gylfi Ægisson er maðurinn á bak við Sól og sumaryl, Minningu um mann, Stolt siglir fleyið mitt og fleiri perlur íslenskrar tónlistarsögu. Hann er kominn með glænjan disk þar sem hann syngur um áhöfnina á Freyjuni frá Súðavík, sem fórst 1. mars 1967.

„Pabbi fékk harmóniku þegar ég var sjö ára og ég fór fljótt að fíkta og stelast í nikkuna. Þegar tónlistarmenn komu til að spila á Sigló kynntist ég hljómsveitunum og þrettán ára lá ég bak við sviðstjöldin með stolna nikkuna hans pabba, bíðandi þess að Guðmundur Ingólfsson gæfi mér merki þegar löggan færi út en þá leyfði hann mér að spila með.“

Listgáfa á sviði tónlistar er ekki það eina sem Gylfi fékk í vöggugjöf því hann er eftirsóttur fyrir skipa-málverk sem hann innrammar í bátsstýri.

